

# Winterbottom er snillingur

Kieran O'Brien, aðalleikari 9 Songs, segir myndina hafa reynt á sig andlega. Opinská kynlífsatriði í myndinni hafa vakið mikla athygli. Ekkert handrit er til að myndinni.

SÍÐA 22



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. apríl 2005 – 102. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR




**GÍSLATAKA Í ÍRAK** Súnniskir uppreisnarmenn tóku tugi sjamúslíma í gíslingu í bænum Madain, nærri Bagdad, og hótuðu að myrða þá alla ef sjár hefðu sig ekki allir á brott frá borginni. Sjá síðu 2

**ÁHYGGJUR AF UNGBARNA-DAUÐA** Mary Robinson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, hvetur til alþjóðlegs átaks gegn ungbarnadauða. Hann samsvarar í viku hverri fjólda þeirra sem fórust í flóðunum í Asíu um áramótin. Sjá síðu 4

**RICE HARÐORÐ** Utanríkisráðherra Bandaríkjanna fór hörðum orðum um Sameinuðu þjóðirnar og réttlætti umdeilt val sitt á nýjum sendiherra með því að hann væri besti maðurinn til að koma nauðsynlegum breytingum í gegn. Sjá síðu 6

### VEÐRIÐ Í DAG



**STÍF SUÐAUSTANÁTT ÁFRAM OG RIGNING SYÐRA** Þurrft fyrir norðan og skýjað með köflum. Sjá bls. 4

### DAGURINN Í DAG



**ODDALEIKUR Í EYJUM** Kvennalið ÍBV og Stjórnumnar í handbolta mættast í oddaleik sem ræður úrslitum um hvort liðið kemst áfram í úrslit Íslandsmótsins í handbolta. Leikurinn, sem hefst klukkan 14.30, átti að fara fram í gær en frestaðist vegna veðurs.

Kvikmyndir	30	Myndlist	29
Tónlist	29	Íþróttir	24
Leikhús	29	Sjónvarp	32

# 77%

fólks í úthverfum lesa Fréttablaðið daglega.\*

Ekki missa af fólkinu í stærstu hverfunum.

\*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

## Illskiljanleg ákvörðun

Heilbrigðisyfirvöld fyrirskipa sameiningu allra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Starfsfólk er ekki sátt við hugmyndirnar.

**HEILBRIGÐISMÁL** Það er skoðun heilbrigðisráðuneytisins að samruni heilsugæslunnar á öllu höfuðborgarsvæðinu styrki starfsemi hennar á margvíslegan hátt. Þetta kemur efnislega fram í svarbréfi ráðuneytisins til Vilhjálms Ara Arasonar, formanns læknaáráðs Heilsugæslustöðvarinnar að Sólvangi í Hafnarfirði, en hann spurði heilbrigðisráðherra bréflaga um tilgang sameiningarinnar. Í bréfinu segir jafnframt að auðveldara sé að fela stærri stofnun ný verkefni, jafnt á sviði hefðbundinna verkefna heilsugæslunnar sem og við hugsanlega fjölgun sérfræðilegra verkefna eða sjúkráráðgjafarinnar. Ráðuneytið vísar til þess að alls hafi nú um 55 stofnanir verið sameinaðar og þeim fækkað í um 15. Loks er ítrekað að heilbrigðisyfirvöld stefni að frekari sameiningu stofnana.

Vilhjalmur Ari segir að allir læknarnir á Sólvangi hafi haldið fund um ákvörðun ráðuneytisins. Þeim þyki hún illskiljanleg og hún komi öllu starfsfólki og stjórnendum stöðvarinnar á einaðar og lúta sameiginlegri óvart. Því hafi læknaáráðið óskað stjórnsýslu.

efir útskýringum um eðli og tilgang sameiningarinnar. Hann bendir á að bæjarráð Hafnarfjarðar og Garðarsvæðinu hafi fjallað um málið. Orðrétt segir í ályktun bæjarráðs Garðabæjar um málið: „Bæjarráð telur að aukin miðstýring á starfsemi heilsugæslunnar dragi úr frumkvæðisáhrifum hennar og hafi neikvæð áhrif á samstarf við bæjaryfirvöld, en slíkt samstarf aðila er að sinna nærþjónustu við íbúana og er forsenda fyrir bættari þjónustu heilsugæslunnar.“ Vilhjalmur Ari segir að ráðuneytið minnst hvergi á mikilvægi þess að færa stjórnunarlega ábyrgð og eftirlit til þeirra sem sinni nærþjónustunni í sveitarfélögunum. Þarna skjóti skökku við, því Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra hafi á Alþingi talað um að gera mikilvæga þjónustu við íbúana gagnsæja og að flytja bæri ábyrgðina og eftirlitið með henni nær þeim sem nota hana.

Heilsugæslustöðvarnar í Reykjavík, Mosfellsbæ, Kópavogi og á Seltjarnarnesi hafa þegar verið sameiginlegri óvart. Því hafi læknaáráðið óskað stjórnsýslu.



**JÓN KRISTJÁNSSON**  
Hefur rætt um að færa ábyrgð á heilsugæslunni nær þeim sem nota hana.



**VILHJÁLMUR ARI ARASON**  
„Fjármálastjórn hefur verið óaðfinnanleg á Sólvangi alla tíð og afköst hennar meiri en víðast hvar.“



**Á GANGI Í RIGNINGUNNI** Margrét Kristín Sigurðardóttir og börn hennar Ágúst og Embla Wigum voru kappklædd á leið sinni upp Bankastræti í Reykjavík síðdegis í gær. Veðrið setti strik í reikninginn fyrir marga. Um 600 manns urðu af flugi, þeirra á meðal lið Stjórnumnar sem átti að etja kappi við ÍBV í undanúrslitum Íslandsmóts kvenna í handbolta. Því til viðbótar lenti Herjólfur í vandræðum í Vestmannaeyjahöfn þegar hann fékk dekk, sem losnað hafði í rokinu, í hliðarskrúfunna. Sjá nánar síðu 2

Sex flugfarþegar létu illa um borð í vél Iceland Express:

## Hótuðu fólki líkamsmeiðingum

**ÓLÆTI** Sex íslenskir farþegar létu ill-um látum um borð í flugvél Iceland Express sem var á leið til Kaupmannahafnar. Þeir hótuðu hver öðrum og öðrum farþegum líkamsmeiðingum. Flugstjórinn gerði yfirvöldum á Kastrup-flugvelli viðvart og var einn farþeganna handtekinn við komuna þangað.

„Við teljum að okkar fólk hafi brugðist rétt við þessum erfiðu aðstæðum, enda þjálfað til að bregðast rétt við þegar atburðir sem þessir verða,“ segir Almar Örn Hilmars-son, forstjóri Iceland Express.

Almar segir að dólgslætin hafi byrjað eftir flugtak og því ekki



**FLUGVÉLAR ICELAND EXPRESS**

Víð komuna til Kaupmannahafnar var einn ólátaseggjanna sex handtekinn.

hægt að álása flugvallaryfirvöld-um fyrir að hafa ekki meinað mönnum sex að fara um borð. „Hins vegar vaknar sú spurning þegar svona kemur fyrir hvort

hægt sé að koma upp einhvers konar svörtum lista því það er óþolandi fyrir aðra farþega og starfsmenn að verða fyrir svona löguðu,“ segir Almar. -jse

## Innbrotstílaun: Varði húsið með stytta

**BRETLAND, AP** Kona í suðausturhluta Englands stökkti innbrotshjófí á brott með því að kasta í hann stytta úr garði sínum.

Jean Collop vaknaði við hljóð af þaki húss síns. Hún fór út og sá innbrotshjóf á þakinu. „Ég greip það sem var hendi næst, einn af garðálfunum, grýtti í hann og hitti,“ sagði Collop. Hún flýtti sér þá inn í eldhús og náði í kökukefli til að verjast með ef innbrotshjófurinn reyndi að ráðast á hana. Þess þurfti ekki því lögreglan kom og handtók vankaðan innbrotshjófinn. ■

## Sagan er eldfim

Práfaldlegar iðrunaryfirlýsingar Japana vegna grimmdarverka keisarrahersins á fyrri helmingi tuttugustu aldar hafa ekki dugað til að eyða tortryggni Kínverja og Kóreumanna í þeirra garð.



SÍÐA 22

## Agnes Bragadóttir

Forvígismaðurinn að þjóðar-söfnun til að kaupa Símann segist hvorki talsmaður kommúnisma né alræðis öreiganna.



SÍÐA 10



## SPURNING DAGSINS

Sturla, er ekki treystandi á samgöngukerfið?

„Það er ekki hægt að treysta á flugi þegar veðrið tekur fram fyrir hendurnar á okkur, þá nýtir maður vegina.“

Sturla Böðvarsson samgönguráðgjafi afboðaði blaðamannafund þegar hann komst ekki frá Ísafirði þar sem ekki var flugfært. Hann varð þó ekki strandglöpur heldur ákvað að keyra suður.

Á annan tug fórust í árasum í Írak:

# Tugir teknir í gíslingu

**ÍRAK. AP** Súnnískir uppreisnarmenn tóku tugi sjámúslima í gíslingu í bænum Madain, nærri Bagdad, og hótuðu að myrða þá alla ef sjár hefðu sig ekki allir á brott frá borginni.

Gíslatakan í Madain fylgir í kjölfar sívaxandi spennu í borginni.

Moska skemmdist þar í sprengjuárás á fimmtudag og á föstudag voru um það bil hundrað vígamenn farnir að flakka um borgina til að hafa uppi á sjúum til að taka í gíslingu. Heimamenn segja vígamennina vera aðkomumenn sem reyni að efna til átaka í Madain.



**Á VETTvangi SPRENGJUÁRÁSAR** Íraskur lögreglumaður, bandarískur hermaður og óbreyttir íraskir borgarar sjást hér á veginum að flugvelli í Bagdad þar sem mannskæð sprengjuárás var gerð.

Í það minnsta þrettán manns létust í átökum í gær. Sjö lögreglumenn fórust í sprengjuárás á veitingahúsi í Baquba, norðaustur af Bagdad. Uppreisnarmenn felldu þrjá þegar þeir skutu á hermenn og lögreglumenn í Kirkuk í norðurhluta Íraks. Í það minnsta einn óbreyttur borgari lét lífið í bílsprengjuárás nærri flugvelli í Bagdad sem kostaði árásmanninn einnig lífið.

Lögregluföringi var skotinn til bana í borginni Kut og lögreglumaður lést eftir að bíll sem hann var í keyrði á jarðsprengju. ■

## LÖGREGLUFRETTIR

**BRAUT RÚÐU Í LÖGREGLUBÍL** Maður braut afturrúðu í lögreglubíl í miðbæ Reykjavíkur í fyrrinótt með því að henda í hana glerflösku. Lögregla náði ekki til mannsins. Mikill erill var hjá lögreglunni í fyrrinótt en þrátt fyrir það var lítið um að aðrir fylgdu í fótspor mannsins sem braut rúðuna.

**PRÍR ÖLVADIR ÖKUMENN TEKNIR** Lögreglan í Kópavogi stöðvaði tvo ölvada ökumenn í fyrrinótt og reyndist annar þeirra afar ölvadur að sögn lögreglu. Í gærmorgun hafði lögreglan svo afskipti af einum til viðbótar sem hafði farið of snemma af stað eftir drykkju næturinnar. Annars var rölegt á vaktinni hjá Kópavogslögreglunni.

## Fjölskylduafarir: Myrti konu sína og börn

**HOLLAND. AP** Karlmaður skaut konu sína og þrjú ung börn til bana á heimili þeirra í hollenska bænum Hilversum. Að því búnu skaut hann sjálfan sig. Börnin voru öll innan við tíu ára gömul.

Ættingi fólksins fann líkin og hafði samband við lögreglu. Lögreglumenn rannsökuðu morðin í gær en sögðust ekki hafa komist að því hvers vegna maðurinn hefði myrt fjölskyldu sína og síðan framið sjálfsmorð. ■



### Í VERSLUN ÁTVR

Áfengissala hefur aukist meira en sem nemur fólksfjöldun.

Sala áfengis:

## Salan yfir 20 milljón lítra

**ÁFENGI** Áfengissala jókst um 6,3 prósent á síðasta ári frá árinu 2003, að því er fram kemur í tölum Hagstofunnar.

Alls seldust 20,4 milljónir lítrar af áfengi í fyrra en 19,2 milljónir árið áður. Aukningin er aðeins minni ef miðað er við lítra af hreinu áfengi. Aukningin þar nam 4,4 prósentum, fór úr 1,45 milljónum lítra í 1,52 milljónir lítra.

Áfengissalan á síðasta ári samsvarar því að hver íbúi fimmtán ára og eldri hafi keypt 6,71 lítra af hreinu áfengi, 2,9 prósentum meira en árið áður. Söluaukningin er því meiri en sem nemur fólksfjöldun. - bþg

**VIÐ REYKJAVÍKURFLUGVÖLL** Vindurinn var meiri en svo að óhætt væri að fljúga og ekki bætti úr skák að Veðurstofan gaf út stormviðvörðun.



# Margir urðu strandaglópar

Veður setti strik í reikninginn hjá rúmlega sex hundruð manns sem biðu eftir flugi. Herjólfur var hætt kominn við Vestmannaeyjahöfn.

**SAMGÖNGUR** Allt innanlandsflug lá niðri í gær vegna vonskuveðurs á Suður- og Vesturlandi. Rúmlega 300 farþegar sem áttu bókað flugfar frá Reykjavík til Akureyrar, Egilsstaða eða Ísafjarðar urðu að fresta ferðum sínum. Einnig áttu rúmlega þrjú hundruð farþegar bókað far til Reykjavíkur þannig að margir sátu veðurteppir á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði.

Einn þeirra sem misstu af fluginu var Sturla Böðvarsson samgöngumálaráðgjafi, sem staddur var á Ísafirði og átti bókað flugfar til Reykjavíkur. Samgönguráðgjafi herra greip að lokum til þess ráðs

að nýta sér annan samgöngumáta og keyrði suður.

Að sögn Þórðar Björnssonar, þjónustustjóra Flugfélags Íslands á Reykjavíkflugvelli, á að reyna að koma öllum á áfangastað í dag; bæði þeim sem áttu bókað í gær og eins þeim sem eiga bókað í dag. Var verið að reyna að fá aukavél til þess þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Herjólfur komst í hann krappan vegna óveðursins en þegar hann kom að bryggju festist dekk sem hafði fokið af bryggjunni í skrúfu skipsins og lét Herjólfur þá ekki að stjórn og var næstum því búinn að reka afturendann í klappirnar. Það tókst að afstýra þeim árekstri með snarræði og það var svo Lóðsinn, dráttarbatúr

þeirra eyjarskeggja, sem kom Herjólfvi heilum í höfn. Að sögn lögreglu er ljóst að illa hefði farið hefði afturendinn rekist í klappirnar og skemmdir hefðu orðið verulegar.

Að sögn Þorsteins Jónssonar veðurfræðings var víða allhvasst og fór vindurinn til dæmis upp í 46 metra á sekúndu á Hafnarfjalli. Allhvasst var einnig á Suðurnesjum og var lögreglan í Keflavík kölluð út þar sem þakplötur fuku af nýbyggingu í Vogum.

Veðrið var mun betra á norðanverðu landinu en sunnan- og vestanverðu. Að sögn lögreglunar á Húsavík var sólarglenna og tíu stiga hiti og menn á stuttermabol.

jse@frettabladid.is

Mikill erill var hjá lögreglunni á Akureyri:

## Slagsmál og skemmdarverk

**ÓLÆTI** Lögreglan á Akureyri hafði í nógu að snúast í fyrrinótt en á annað þúsund ungmenni voru í bænum vegna söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var í bænum.

Mörg skemmdarverk voru unnin og einnig þurfti lögreglan að hafa afskipti af mönnum vegna líkamsmeiðinga og óláta. Til slagsmála kom í miðbænum þar sem nokkrir hlutu nokkur meiðsl og einn árásmáður var handtekinn vegna líkamsárásar. Hann var verulega ölvadur að sögn lögreglunnar.

Þá voru rúður brotnar og skemmdir unnar á lakki tveggja bíla. Skemmdarvargarnir létu grjóti rigna yfir bílana í báðum tilfellum, en annar þeirra náðist

og gisti hann fangageymslur lögreglunnar. Ekki er vitað um hinn og er það mál óupplýst.

Einnig voru rúður brotnar á tveimur húsum bæjarins. Ein rúða var mölvað með grjóti í húsi Íslandsbanka.

Fimm rúður voru brotnar í húsi fyrirtækisins Sandblástur og málmhúðun en skemmdarverkamaðurinn hafði kastað grjósti og öðru lauslegu í þær. Ekki er vitað hverjir voru að verki en málið er í rannsókn.

Einnig var nóg um að vera í umferðareftirliti lögreglunar en tveir ökumenn voru stöðvaðir vegna gruns um ölvunarakstur og tíu ökumenn teknir rétt utan við bæinn fyrir of hraðan akstur. - jse

Hættulegir hundar:

## Drápu eiganda sinn

**BANDARÍKIN. AP** Tveir hundar réðust á og bönuðu eiganda sínum, 74 ára gamalli konu á eftirlaunum.

„Ég hef séð hundsbit áður en ég hef aldrei séð neitt þessu líkt,“ sagði James Peacock, lögreglustjóri í Wheeler-sýslu í Georgíuríki. Lögreglumenn voru kallaðir að heimili konunnar eftir að nágrannarnir heyrdðu hávaða. Þegar lögreglumenn gengu inn fundu þeir lík konunnar á gólfinu og sáu hundana tvo, báða blóðuga. Annar hundurinn reyndi að ráðast á lögreglumann, sem skaut hann í sjálfsvörn. ■



### VIÐ VATÍKANÍÐ

Lettneski kardinálinn Janis Pujats og Karl Lehmann frá Þýskalandi skýldu sér með regnhlífum fyrir framan Vatíkanið í gær.

Páfakjör:

## Heita leynd

**VATÍKANÍÐ. AP** Ekkert spyrst út um hver verður næsti páfi fyrr en formlega verður tilkynnt um hver tekur við af Jóhannesi Páli II páfa. Þessu hétu yfirmenn öryggismála í Vatíkani, sem hafa það verkefni að tryggja að fjölmiðlar komist ekki að því hvað gerist í páfakjöriinu nema eftir opinberum leiðum.

Joaquin Navarro-Valls, talsmaður Páfagarðs, sagði að 40 til 45 mínútur liðu frá því hvítur reykur stigi upp af Sixtínsku kapellunni þar til umheiminum yrði sagt hver nýi páfinn væri.

Hvíti reykurinn er til marks um að páfi hafi verið valinn. ■

## LÖGREGLUFRETTIR

### BROTIST INN Í FJÖLBÝLISHÚS

Brotist var inn í fjölbýlishús í Heiðarholti í Keflavík í fyrrinótt og DVD-tæki stolið. Þjófurinn hafði spennt upp glugga á jarðhæðinni og þannig komið sér inn. Hann hefur ekki fundist og er málið í rannsókn.

**TEKINN TVISVAR** Ökumaður sem sviptur hafði verið bílprófi var stöðvaður af lögreglunni í Keflavík í gærmorgun. Ekki lét hann þó segjast og tók lögreglan hann aftur þar sem hann keyrði bílprófslaus eftir hádegi í gær.

## RÚSSLAND

**VILL HEIÐRA STALÍN** Gennadí Sjúganov, formaður rússneska kommúnistaflokksins, vill heiðra nafn Jósefs Stalín, fyrrum einræðisherra Sovétríkjanna, með því að nefna Volgograd Stalíngrad á ný. Borgin hét eftir Stalín um áratugaskeið áður en nafni hennar var breytt á ný.

# apollo

Iceland Express

Ný vídd í sólarlandaferðum á verði sem kemur á óvart!

Grikkland Túnis Ítalía Malta Kanaríeyjar Mallorca  
Kroatía Búlgaríá Rúmenía Egiptaland Tailand

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur  
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309  
Netfang: langferdir@langferdir.is  
Heimasíða: www.kuoni.is  
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

# FERÐALANGUR Á HEIMASLÓÐ

## Skemmtilegt og framandi

- Útsýnisflug
- Leynardómar Hellisheiðar
- Kajaksigling
- Klifur
- Úrval gönguferða
- Dýrð Bláfjalla
- Sjóstangaveiði
- Minjasöfn
- Ferðalangur um land allt
- Hellar, vatnsból og álfar
- Hvalaskoðun
- Tilboð á veitingum
- Ferðaupplýsingar
- Listasöfn
- og margt margt fleira

Sumardaginn fyrsta, 21. apríl, á:

Höfuðborgarsvæðinu  
Austurlandi  
Suðurnesjum  
Norðurlandi  
Vestmannaeyjum  
– sjá nánar á  
[www.ferdalangur.is](http://www.ferdalangur.is)



Ferðalangur á heimaslóð sumardaginn fyrsta er tileinkaður ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu og víðs vegar um landið. Dagskráin er fjölbreytt, fjölskylduvæn og mjög skemmtileg. Skoðaðu þig um á heimaslóð, prófaðu að fara í kynnisferð með hópferðabíl eða gönguferð með leiðsögn, kíktu við á spennandi safni eða upplifðu óvenjulega afþreyingu. Um það bil 100 ferðapjónustuaðilar standa saman að því að gera þér daginn eftirminnilegan. Allir dagskrárliðir eru með verulegum afslætti eða ókeypis.

**FERÐA  
LANGUR**  
2005



[www.ferdalangur.is](http://www.ferdalangur.is)

## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 17.4.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	62,89	63,19
Sterlingspund GBP	118,45	119,03
Evra EUR	80,72	81,18
Dönsk króna DKK	10,83	10,89
Norsk króna NOK	9,80	9,86
Sænsk króna SEK	8,79	8,85
Japanskt jen JPY	0,58	0,58
SDR	XDR	94,49 95,05

Gengisvísitala krónunnar  
111,47 -0,30%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Einkavæðing:

## Hafi erindi sem erfiði

**STJÓRNMAÐ** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segist vona að Agnes Bragadóttir og félagar hennar í átaki til að koma saman hópi lítilla fjárfesta til að kaupa hlut í Símanum hafi erindi sem erfiði. Hann furðar sig hins vegar á því að hún geri Alþingi að blóraböggli.

„Alþingi hefur ekki lagt neinn stein í götu hennar og félagar hennar til að vinna að markmiðum sínum, þvert á móti geta þau unnið að þessu hugðarefni sínu innan ramma laga og þeirra reglna, sem gilda um sölu Símans,“ segir Björn í grein á vef sínum, bjorn.is. ■

## BELGÍA



### MÓTMÆLENDUR HANDTEKNIR

Lögregla handtók tugi mótmælenda við höfuðstöðvar Atlantshafsbandalagsins og herstöð í Belgíu. Nokkrir mótmælendur reyndu að komast inn á herstöðina í Kleine Brogel þar sem talið er að bandarísk kjarnorkuvopn séu geymd.

### KJARASAMNINGAR

**SAMID Á NÝ** Nýr samningur hefur náðst milli SFR, fyrir hönd starfsmanna, annars vegar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Frihafnarinnar hins vegar. Fyrri samningur sem náðist var felldur í atkvæðagreiðslu starfsmanna í síðasta mánuði. Nýi samningurinn verður kynntur starfsmönnum á morgun.

## Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri: Gagnrýnir ákvæði í frumvarpi um RÚV

**FJÖLMÍÐLAR** Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri segist ekki sjá nein rök fyrir ákvæði í frumvarpi að nýjum lögum um Ríkisútvarpið, þar sem kveðið er á um að stjórn stofnunarinnar eigi að setja reglur um fréttáflutning og auglýsingar og gæta þess að reglum sé fylgt.

Þetta kom fram í máli Markúsar Arnar á fundi í Reykjavík-akademíunni í gær þar sem fulltrúar fjölmiðla og stjórnmalaflokka auk starfsmanns fjölmiðlanefndar og fulltrúa Símans ræddu

hið nýja frumvarp um starfsemi RÚV ásamt nýrri skýrslu fjölmiðlanefndar um starfsumhverfi fjölmiðla í landinu.

Með þessu má segja að Markús Örn taki undir athugasemdir sem Vinstri grænir hafa gert við þetta ákvæði frumvarpsins í umræðum opinberlega og á þingi.

„Er ekki dagskrárlegt yfirvald með þessu ákvæði komið inn á svið hinnar rekstarlegu framkvæmdastjórnar?“ spurði Markús Örn og taldi þetta stangast á við skýringar með frumvarpinu þar



### FUNDAD UM FJÖLMÍÐLA

Fjöldi fjölmiðlamanna og stjórnmalaflokka tók þátt í umræðu um lagafrumvarp um Ríkisútvarpið og skýrslu fjölmiðlanefndar sem menntamálaráðherra kynnti fyrir nokkru.

sem segir að það sé ekki verkefni stjórnar hins nýja sameignarfélags um RÚV að hafa afskipti af dagskrá Ríkisútvarpsins. - ssal

## NOREGUR

**VILJA EKKI LITAD FÓLK** Dagsvisen greinir frá því að ótrúlega algengt sé að veitingastaðir vilji ekki ráða fólk í vinnu sem er dökkt á hörund. Manni á vegum Norska ríkisútvarpsins var neitað um vinnu á vinsælum bar í Osló og honum sagt að eigendur staðarins vildu ekki að hann liti út eins og flóttamannabúðir.

### DRAP FYRST OG SKAUT SVO

Norskur maður hefur verið ákærður fyrir brot á dýraverndunarlögum. Honum er gefið að sök að hafa drepð gaupu með hnífi, fryst hana og flutt svo á svæði þar sem gaupuveiðar eru heimilaðar. Þar skaut hann svo hræði eftir því sem Aftenposten hermir.

# Ungbarnadauðinn alvarlegasti vandinn

Mary Robinson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, hvetur til alþjóðlegs átaks gegn ungbarnadauða. Hann samsvarar í viku hverri öllum þeim sem fórust í flóðunum í Asíu um áramótin.

**MANNRÉTTINDAMÁL** Daglega deyja um 30 þúsund börn í heiminum af völdum hungurs og sjúkdóma. Mary Robinson, fyrrverandi forseti Írlands og fyrrverandi framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, segir þessa staðreynd skelfa sig hvað mest af öllum þeim hörmungum sem mannkynið þarf að glíma við.

„Þetta samsvarar öllu því mannfalli sem varð vegna flóðanna í Asíu um áramótin, munurinn er bara sá að þetta gerist í hverri viku, allt árið um kring, 52 flóðbylgjur á ári. Hvers vegna vekur þetta ekki meiri viðbrögð hjá okkur en raun ber vitni?“ spyr hún og segir þennan vanda lykilatriði í mannréttindabaráttu heimsbyggðarinnar.

Mary Robinson er stödd á Íslandi í tilefni hátíðarhalds vegna 75 ára afmælis Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, en þær hafa starfað saman að mannréttindamálum á alþjóðavettvangi um langt árabil.

Hún segir hægt að draga stórlega úr þessum gríðarlega barnadauða með sameiginlegu átaki, ókeypiss dreifingu lyfja og matvæla.

„Við sjáum hvað tókst að gera eftir flóðin í Asíu þegar öll heimsbyggðin tók höndum saman til hjálpar fólki í nauðum,“ segir hún.

Mary Robinson veitir nú for-

stöðu mannréttindaamtökunum Oxfam sem berjast gegn hungri og fátækt í heiminum. Þau hafa að undanförunu tekið höndum saman við Amnesty International í baráttunni gegn vopnasölu til þróunarlanda og þá aðallega gegn sölu á handvopnum.

„Byssur og rifflar eru í mínum huga hin raunveruleg geyðingarvopn heimsbyggðarinnar, þó ógn stafi líka af öðrum stærri. Staðreyndin er sú að handvopn eru þau vopn sem deyða langflest í heiminum og stafar konum sérstaklega hættu af þessum vopnum þar sem þeim er iðulega beitt þar sem konur er nauðgað með vopnavaldi,“ segir Mary Robinson.

Ög hún er ekki sátt við þá tvöfeldni sem forysturíki heimsins, Bandaríkin og Bretland, sýna á þessu sviði. „Forystumenn þeirra tala fjálglega um mannréttindi og hörmungar í heiminum en stunda síðan gríðarlega vopnasölu um allan heim vitandi það að þessi vopn eru oft aðal- uppsretta hörmunganna,“ segir hún.

ssal@frettabladid.is

### MARY ROBINSON

Gríðarlegur ungbarnadauði í heiminum skelfir hana meira en nokkrar aðrar hörmungar sem mannkynið glímir við.



## VEFSMÍÐI

### Vefsíðugerð II - Dreamweaver

Stutt en markvisst námskeið fyrir lengra komna. Aðaláhersla námskeiðsins er þjálfun í notkun á Dreamweaver forritinu sem er eitt öflugasta og vinsælasta vefsmíðaforritið. Önnur viðfangsefni námskeiðsins er HTML og CSS. Þetta námskeið hentar einnig vel þeim sem þurfa að sjá um viðhald á vef fyrirtækja eða stofnana. Þátttakendur geta unnið með eigin vef á námskeiðinu. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans.

Námskeiðið hefst 19. apríl og lýkur 12. maí. Kennir er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:30 – 21:00. Verð kr. 39.000,- Allt kennsluefni innifalið.



TÖLVUSKÓLINN  
PECKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

## Veðrið

### Í dag

Vinda- og vætusamt. Ög enn blæs hann hressilega úr suðaustri en mér sýnist ekkert ætla að lægja fyrr en á þriðjudaginn. Hitinn er þó með miklum ágætum, gæti náð allt að 12 stigum í dag og meira segja er tiltölulega hlýtt upp til fjalla. Á morgun verður áfram þessi vindur og rigning víða nema norðanlands. Þegar rýnt er í veðrið fram eftir vikunni virðist sumarið vera handan við hornið, það eru bara hlýndi í kortunum svo líklega er rétt að setja sumarskeifur eða sumardekk undir farskjótana.




Kveðja, Guðröður Arnardóttir náttúrufræðingur.


### Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	10°C	skýjað	Edinborg	11°C	sk.m.köflum
London	13°C	sk.m.köflum	Stokkhólmur	8°C	sk.m.köflum
Paris	13°C	skýjað	Barcelona	17°C	sk.m.köflum
Budapest	16°C	léttskýjað	Helsinki	7°C	léttskýjað

### Á morgun



### Þriðjudagur



Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Og1

**GSM** - Hugsið ykkur ef allir í fjölskyldunni gætu hringt heim án þess að það kostaði neitt!

**Og1** er ný þjónusta sem gerir þér kleift:

**Að hringja heim úr GSM án þess að greiða mínútagjöld í allt að 60 mínútur á dag**  
**Að hringja í 120 mínútur á mánuði í heimasíma í útlöndum**

Mánaðargjald fyrir GSM áskrift er 600 kr.  
Gildir fyrir Frelsisnotendur með 500 kr. Frelsisáskrift.





## KJÖRKASSINN

Hefði átt að vísa Inter Milan úr Evrópukeppnum næsta árs vegna óláta í leik liðsins við AC Milan?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	80,7%
Nei	19,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Verður næsti páfi ítalskur?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



Skorað á sveitarfélög og íbúa á landsbyggðinni:

## Sveitarfélög eiga að kaupa í Símanum

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Sveitarstjórnir landsins ættu að láta þau skilaboð ganga til íbúa sinna að ef þeir kaupi hlut í Símanum muni sveitarfélag viðkomandi setja sömu upphæð til slíkra hlutabréfakaupa.“ Þetta er mat Hauks Más Sigurðssonar, fyrrverandi forseta bæjarstjórnar Vesturbýggðar og núverandi varamanns í bæjarstjórn.

„Með þessum hætti gætu sveitarfélögin bæði tryggt það að þeirra menn kæmu að stjórnun og þar með tryggt að þjónustustig á landsbyggðinni minnki ekki og að við verðum



### SÍMINN

Fyrrverandi forseti bæjarstjórnar Vesturbýggðar telur að sveitarstjórnir og íbúar á landsbyggðinni eigi að stilla saman strengi þegar komi að sölu Símans. Forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar telur ólíklegt að sveitarfélög muni taka beinan þátt í slíkum fjárfestingum.

ekki eftir á í uppbyggingu nýrrar tækni. Einnig er þetta arðsemisfjárfesting sem sveitarfélögin ættu að sjá sér hag í,“ segir Haukur.

Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, hefur efasemdir um hugmyndina. „Ísafjarðarbær gerir ekki ráð fyrir slíkum fjárfestingum og ég efast um að önnur sveitarfélög geri það. Hins vegar er starfandi hér á Ísafirði eignarhaldsfélag sem bæjarstjórn kom á fót og stjórn þess gæti eflaust séð möguleika í slíkum fjárfestingum,“ sagði Birna.

– jse

Ólöglegir starfsmenn:

## Verktaki fyrir dóm

**ÁKÆRA** Ákæra á hendur Jóni Guðmundssyni fyrir brot á lögum um útlendinga, atvinnuréttindi útlendinga og almenn hegningarlög var þingfest hjá Héraðsdómi Suðurlands.

Jón er ákærður fyrir að hafa nýtt starfskrafta þriggja Pólverja til byggingavinnu við nýtt hótél sem nú er að rísa á landi Drangshlíðar 1, Rangarþingi eystra, án þess að þeir hefðu tilskilin atvinnuleyfi til að vinna hér. Einnig fyrir að hafa veist að rannsóknarlögreglumanni og kastað í hann farsíma við yfirheyrslu á lög-reglustöðinni á Selfossi.

– sgi



### SOYUZ-ELDFLAUGIN

Það var fögur sjón að sjá flaugina bera við morgunhimininn í Kasakstan.

Geimskot:

## Komnir á sporbaug

**KASAKSTAN, AP** Þremur geimförum var skotið út í himingeiminn frá Baikonur í Kasakstan. Förunni var heitið í alþjóðlegu geimstöðina sem sveimar á sporbaug um jörðu.

Geimfararnir þrjú eru frá Rússlandi, Bandaríkjunum og Ítalíu og munu þeir leysa tvo geimfara af hólmi sem hafa dvalið í stöðinni að undanförunu.

Þremmingarnir munu sinna ýmsum störfum næsta hálfu árið. Meðal annars munu þeir veita bandarískum geimförum viðtöku en það verður fyrsta geimskot Bandaríkjamanna síðan geimferjan Kólumbía sprakk fyrir tveimur árum. ■

# Lifa ekki af án breytinga

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna fór hörðum orðum um Sameinuðu þjóðirnar og réttlætti umdeilt val sitt á nýjum sendiherra með því að hann væri besti maðurinn til að koma nauðsynlegum breytingum í gegn.

**BANDARÍKIN, AP** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna var hörðorð í garð Sameinuðu þjóðanna þegar hún ávarpaði fund Samtaka bandarískra ritstjóra fréttablaða.

„Það er engin launung að Sameinuðu þjóðirnar geta ekki lifað af sem áhrifamikil afl í alþjóðlegum stjórnmálum ef samtökin verða ekki skipulögð upp á nýtt, ef þau endurskipuleggja ekki stofnanir sínar, ef þau endurskipuleggja ekki yfirstjórn sína og stjórnunar- aðferðir,“ sagði Rice.

Rice sagðist hafa valið John R. Bolton sem sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum sérstaklega til að þrýsta á um að samtökin gengju í endurnýjun lífdaga þannig að þau héldu vægi sínu á alþjóðavettvangi.

Tilnefning Bolton hefur verið gagnrýnd harðlega þar sem hann hefur lengi verið meðal hörðustu



**RICE MEÐ SPÆNSKA UTANRÍKISRÁÐHERRANUM MIGUEL ANGEL MORATINOS** Condoleezza Rice fór hörðum orðum um Sameinuðu þjóðirnar og sagði að í núverandi mynd yrðu þær áhrifa- og valdalausar í heimsstjórnmálum.

gagnrýnenda Sameinuðu þjóðanna.

Eins mikilvæg stofnun og samtökin eru verður að segjast að sumt í fari þeirra er alls ekki svo mikilsvert,“ sagði Rice. „Allir gera sér grein fyrir því og við verðum að bæta úr því.“

Deilur Bandaríkjanna og forystu Sameinuðu þjóðanna hafa að undanförunu komið skýrast fram í átökum um hvernig staðið var að olfusölu Íraka fyrir innrásina í Írak.

Hún átti að gera Írökum kleift að kaupa mat og lyf fyrir landsmenn en sýnt hefur verið fram á

spillingu í tengslum við áætlunina.

Bandarískir þingmenn hafa sótt hart að Kofi Annan, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, og hefur þess meðal annars verið krafist að hann léti af embætti. Hann sneri vörn í sökn í vikunni og sagði að Bandaríkjamenn og Bretar hefðu hunsað olfusögl frá Írak á síðasta áratug síðustu aldar þegar það hentaði bandamönnum þeirra. Þar braut hann óskráða reglu því hingað til hafa helstu forystumenn Sameinuðu þjóðanna forðast að fara niðrandi orðum um aðildarríki eða einstaklinga. ■



### BOTNPLATAN STEYPT

Framkvæmdir við bílastæðishúsið á Laugavegi 21 eru nokkrum vikum á eftir áætlun.

Bílastæðishús:

## Á eftir áætlun

**BORGARMÁL** „Framkvæmdirnar eru aðeins á eftir áætlun en við stefnum ótrauð að því að opna sem fyrr á þessu ári,“ segir Stefán Haraldsson, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar, um bílastæðahús sem rísa á að Laugavegi 21.

Vinna er hafin hjá verktakanum við að steypa botnplötu hússins en alls verða bílastæði á þremur hæðum. Á jörðhæð verða verslanir og íbúðir þar fyrir ofan. Stefán segir að þrátt fyrir að verkið hafi tafist um nokkrar vikur sé enn stefnt að því að opna húsið á árinu og telja megi líklegt að það markmið náist.

– aðe

Hótel Valhöll:

## Nokkrir áhugasamir

**VALHÖLL** Þó nokkrir hafa sýnt rekstri Hótel Valhalla á Þingvöllum áhuga, segir Guðmundur Guðmundsson hjá Ríkiskaupum sem bjóða reksturinn út. Frestur til að senda inn umsókn rennur út á mánudag en um er að ræða veitingasölu yfir sumarmánuði og hugsanlega einhvern takmarkaðan rekstur á veturna. Engin starfsemi er í Valhöll sem stendur en veitingamaðurinn sem rekið hefur hótelið síðustu þrjú ár hætti þar sem hann sá engan rekstrargrundvöll lengur fyrir staðnum. ■

Póst- og fjarskiptastofnunin:

## Farsímanotendum fjölgar á kostnað heimasímans

**FJARSKIPTAMÁL** Símtölum í farsíma-kerfum símafyrirtækja hérlendis fjölgar jafnt og þétt á kostnað almenna símkerfisins en notendur þess hafa ekki verið færri síðan 1997. Fjöldi smáskilaboða milli farsíma hefur þrefaldast á síðustu fjórum árum.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á fjarskiptamarkaðnum á síðasta ári. Kemur þar fram að þeim fjölgar hratt sem aðgang hafa að háhraðanettengingum hérlendis og eru nú um 50 þúsund manns með slíkar tengingar.

Símtölum í fastanet fækka mikið en símtölum í farsímanetum fjölgar og sérstaklega er aukning svokallaðra smáskilaboða, SMS, mikil. Íslendingar



### ARÐSÖM SMÁSKILABOD

Íslendingar sendu um 160 milljón smáskilaboð á síðasta ári en sending hvers og eins kostar milli níu og tíu krónur.

sendu tæplega 160 milljón slík skilaboð á síðasta ári. Kostnaður hvers og eins er um tíu krónur og

því högnuðust símafyrirtækin um 1,6 milljarða króna á smáskilaboðum landsmanna.

– aðe

## Beint flug til Mexico við Karabíska hafið með Trans-Atlantic, 13 nætur og 14 dagar.

Ótrúleg tilboðsverð

Heillandi menning Maya indíana – pýramídar, óviðjafnanleg endalaus hvít strönd, kristaltær sjórinn, næst stærsta kórallrif heims, næturlíf, verslanir, skemmtigarðar, ævintýraferðir og þjóðgarður með fjölbreyttu dýralífi t.d. krókódílar, apar og jagúar.

Verðdæmi

Brottfarir:

25. maí uppselt

8. og 22. júní takmarkað sætamagn

Carmen Inn 3 stjórnur

2ja manna herbergi

92.775 kr.

Barn 0-2 ára

3.957 kr.

Barn 2-11 ára

69.354 kr.

Innifalið flug gisting, rúta til og frá flugvelli og flugvallarskattar.

Real Playa Del Carmen 4 stjórnur - Allt Innifalið

2 manna herbergi

114.800 kr.

Barn 0-2 ára

3.957 kr.

Barn 2-11 ára

69.354 kr.

Innifalið:

Innifalið: Flug, skattar, gisting, rúta til og frá flugvelli, flugvallarskattur. Allur matur og innlendir drykkir (áfengir/óáfengir), fjölbreytt skemmtidagskrá, kvöld-sýningar (show). Þá má nefna tennis, blak og siglingar.

Flugsæti með sköttum 69.320 kr.



Sími 588 8900 • [www.transatlantic.is](http://www.transatlantic.is)

# Og1

## Heimasími - Í hvern hringir þú ef það kostar ekki neitt?

**Og1** er ný þjónusta sem gerir þér kleift:

**Að hringja í 500 mínútur á mánuði á milli heimasíma, innifalið í mánaðargjaldi**

**Að hringja í 120 mínútur á mánuði í heimasíma í útlöndum**

Mánaðargjald fyrir Heimasíma er 1.340 kr.

ÍSLENSKA AUGÚSTINGARSTOFN/SÍMAÚTVEIÐIR OG1 2799 442005



Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

Heyrumst!

# skoðun

**SJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON**

Mikil fjölgun nýbúa hér á landi kallar á þjónustu við þá á ýmsum sviðum um land allt.

## Innflytjendur verða að læra íslensku

Með hverjum deginum sem líður fjölga hér á landi fólki sem er af erlendu bergi brotið. Í sumum tilfellum eru það heilu fjölskyldurnar sem hingað koma í leit að betra lífi, eða þá erlendir makar eða sambýlisfólk Íslendinga sem eru að setjast hér að í nýjum heimkynnum. Þetta erlenda fólk auðgar mannlífsflórana hér og ber með sér erlenda siði og menningarstrauma. Við þurfum að taka vel á móti því og gera vistina hér bærilega fyrir það um leið og við gerum ákveðnar kröfur til þeirra sem ætla að setjast hér að.

Nágrannabjórir okkar hafa gengið í gegnum svipað ferli og við höfum verið að gera á undanföllum misserum eða árum. Fréttirnar sem hingað hafa borist af sambúð nýbúa og heimamanna í mörgum vestrænum ríkjum eru margar hverjar ekki fagrar eða uppörvandi. Tilkoma nýbúa í þessum löndum hefur valdið miklum pólitískum deilum og ýtt undir öfgasjónarmið. Við þurfum ekki að leita lengra en til Danmerkur þessum efnum. Þar voru um tíma heiftuðugar deilur vegna nýbúa. Dansk samfélag hafði fram undir það tekið vel á móti fólki af öðrum kynþætti, og kannski gert of vel við það á mörgum sviðum.

Samkvæmt könnunum sem gerðar hafa verið hér á landi virðist gæta vaxandi andúðar hjá ungmennum hér í garð útlendinga, og má í mörgum tilfellum því miður líkja afstöðunni við fordóma eða rasisma. Þetta er svipuð þróun og hefur átt sér stað víða annars staðar og af því eignum við að læra.

Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingar, gerði þessi mál að umtalsefni í sölum Alþingis fyrir helgi og benti á tilkomu og fylgi hægri öfgaflokka í nokkrum löndum í Vestur-Evrópu. Þar hafa þeir sumir hverjir náð allt að 20-30 prósentu fylgi.

Árni Magnússon félgsmálaráðherra svaraði þingmanninum og tók undir með honum að þróunin hér væri verulegt umhugsunar-efni, sérstaklega þó afstaða unglunga til innflytjenda samkvæmt nýbirtri könnun. Ráðherrann tilkynnti við þetta tækifæri að stjórnvöld hefðu ákveðið að stofna innflytjendaráð til að sinna málefnum innflytjenda og taka á móti flóttamönnum. Ráðið á að vinna að því að auðvelda innflytjendum að taka virkan þátt í samfélaginu og sinna þjónustu við sveitarfélög þar sem innflytjendur setjast að, auk ýmiss konar annarrar starfsemi sem fylgir komunninni hingað. Það þarf að búa þannig að þessari stofnun að hún geti sinnt hlutverki sínu, og það er mikilvægt að starfsemi hennar verði ekki aðeins bundin því sveitarfélagi þar sem hún verður, heldur sinni hún landinu öllu. Fjölmeningarsetrið var á sínum tíma sett niður á Ísafirði og sætti það töluverðri gagnrýni, en á móti kom að Alþjóðahúsið er í Reykjavík.

Það er lykilatriði í þessum efnum að hinir nýju íbúar landsins læri tungumálið. Annars ná þeir aldrei að festa hér rætur eða verða hluti af íslensku samfélagi. Nú eru gerðar ákveðnar kröfur í þessum efnem, en svo virðist sem innflytjendum sé þá hvorki gert það kleift kostnaðarlega né að þeir fái nægjanlegan tíma til að læra íslensku. Í Austurríki, þar sem öldurnar gegn innflytjendum hafa risið einna hæst að undanförunu, hafa nú verið settar mjög strangar reglur um þýskukunnáttu innflytjenda. Þær eru í strangara lagi, en íslensk stjórnvöld gætu hugsanlega tekið mið af þeim og lagað þær að íslenskum aðstæðum. ■

## Súpersól til Salou

20. maí

frá kr. 34.995

Salou er falletgur bær á Costa Dorada ströndinni, sunnan við Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Salou skartar stórkostlegum ströndum, fjölbreyttri aðstöðu, menningu og litríku næturlífi. Nú býður Terra Nova þér einstakt tækifæri á útrúlegum kjörum. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

**Kr. 34.995** í 5 daga / **kr. 49.990** í 12 daga

M.v. 2 fullorðna og 2 börn. Súpersól tilböð. 20. maí, 5 eða 12 dagar. Netverð á mann.

**Kr. 39.990** í 5 daga / **kr. 59.990** í 12 daga


M.v. 2 fullorðna. Súpersól tilböð. 20. maí, 5 eða 12 dagar. Netverð á mann.

Mundu **MasterCard**  
ferðaávisunin!  
Stangarhyl 3 · 110 Reykjavík  
Sími: 591 9000 · www.terranovalis  
Akureyri Sími: 461 1099  
**TERRA NOVA**  
-SPENNANDI VALKOSTUR-

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Össur og Maggi bróðir

Barátta til formanns í stjórnmalaflokki getur kostað sitt. Á heimasíðu Össur Skarphéðinssonar segir að ekki sé ætlunin að sækjast eftir fé frá fyrirtækjum, heldur freystra á framlög stuðningsmanna. Á síðunni segir: „Í morgun var skotsilfur baráttunnar þrotið um stundarsakir þegar átti að borga auglýsingu. Maggi bróðir frétti af þessu af morgunfundi okkar áður en bóúð var að seilast í nærstaddar pyngjur. Maggi má aldrei neitt aumt sjá. Allra síst stóra bróður þó hann hagi sér nú jafnan einsok hann sé elstur okk-



ar! Maggi er frægasti hvalavínur landsmanna en hann verndar ekki bara hin stóru dýr, heldur líka hin

allra smæstu. Hann er til dæmis stofnandi og formaður Músavinafélagsins. Og hvernig haldið þið, að blankheit morgunins hafi leyst? Áður en fundinum okkar lauk bárust þau tíðindi að á því augnabliki hefði dottið inn svolítið upphæð í sjóðinn sem nægði til að greiða auglýsinguna. Og viðstaddir urðu heldur betur undrandi þegar í ljós kom hver var skráður gefandi. Það var nefnilega Músavinafélagið!

### Björn blandast í slaginn

Búið er að draga Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra og fyrrum keppinaut Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um borgarstjórastólinn, á floti í formansslagnum í Samfylkingunni. Guðmundur Andri Thorsson skrifaði í Moggann

að Björn væri stuðningsmaður Össur. „Ég hef hvergi lýst yfir stuðningi við Össur og ætla ekki að blanda mér á neinn hátt í Samfylkingarástökin“, segir Björn á heimasíðu sinni. Við lesturinn dylst engum að Björn er ekki aðdáandi Ingibjargar, kannski ekki búinn að jafna sig eftir útreiðina sem hann fékk í borgarstjórnarkosningunum. „...á hinn bóginn er ljóst, að ég er ekki að taka afstöðu með eða á móti neinum í þessum átökum innan Samfylkingarinnar, þótt viðhorf mitt til Ingibjargar Sólrúnar og starfa hennar í borgarstjórn eða stjórnmalum hafi ekki breyst og ég árétti það“, segir Björn að lokum. Svo á eftir að koma í ljóst hvort hagnast, Össur eða Ingibjörg, á afstöðu ráðherrans og borgarfulltrúans.

sme@frettabladid.is

## Peningalyktin í landinu

TÍÐARANDINN  
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Það er eins og sama víman fylli þjóðina einhverju óbilandi sjálfs-trauti. Og af því boðleðirn-ar eru svo óhugnanlega stuttar – og þjóðin svo fá-menn að hún rúmast öll í einu og sama samkvæminu – er um að gera að allir geri eins. Það er þetta sem gerir þjóðina einsleita. Öll áhlaupin eru með sama stutta tilhlaupinu.



Stundum hefur verið sagt að öruggasta og fljótlegasta leiðin til að varpa ljósi á land og þjóð sé að ræða við gamalreynndan blaðamann um andrúmsloftið í heimalandi sínu. Þetta hafa íslenskir blaðamenn iðulega gert á ferðum sínum erlendis – og fengið skýr og heiðarleg svör frá starfsbræðrum sínum um einkenni og sérstöðu samfélagsins. Og þetta gera erlendir fjölmiðlamenn á leið sinni um Ísland, hvort heldur er sjónvarpsmenn eða blaðamenn. Þeir vita að þetta er stysta leiðin að þjóðarsálinni. Þessari einu og sönnu og raunverulegu.

Góðir og vandaðir blaðamenn eru æfðir í því að fjalla um samfélag sitt eins og það er. Stjórnmalamenn tala um sama samfélagið eins og það ætti að vera. Eða ætti ekki að vera. Og fræðimenn vilja tynast í samamburðinum. Listamenn verða of orðmargir. Bissnessmenn of bjartsýnir. Prestarnir upphafnir. Sérvitringar of sérvitir.

Þetta eru misjafnar leiðir að sama marki. Misjöfn aðferð við þjóðfélagsgreiningu. En líklega er einfaldleikinn bestur ... að segja sem svo að samfélög séu bara þau eru það nefnilega. Og tiltölulega auðlesin. Það þarf ekkert að flækja lýsinguna. Hún getur allt eins rúmast í fyrirsögn eða stutt-órðri umsögn um ástand og horfur. Ekkert umfram það. Si sona.

Þetta er aðferð blaðamannsins.

Einföld, hreinskiptin og passlega köld.

Því er á þetta minnst að ég var beðinn um svona viðtal á dögum. Og af því að sjónvarpsstöðin sem sóttist eftir orðum mínum var ágætlega stór og ágætlega amerísk – og af því hún ætlaði að gera svolítið metnaðarfulla greiningu á merkilegum lífsgæðaaðrangri þessarar grunsamlega fá-mennu þjóðar ... ja, þá fannst mér við hæfi að halla mér aftur í sófanum heima og hugsa málið. Í svo sem eins og eina kvöldstund. Fyrirvarinn var reyndar ágætur; tökulíðið yrði á landinu eftir tæpar tvær vikur – og þar af leiðandi hefði ég nægan tíma til að undirbúa mig enn frekar. Heilu dagana. Og eins gott því hvert orð mitt yrði dýrmætt, heilu setningarnar á við ímyndarauglýsingar Icelandair. Ímyndaði ég mér. Eg fengi svo sem eins og eina mínútu ... já, eina mínútu til að tjá mig, kannski minna. Og örugglega ekki meira.

Og sumsé; hvað einkennir Ísland samtímans? Á einni mínútu.

Þetta er náttúrlega stór spurn-

ing og svörin eflaust mörg ... en eftir því sem ég hef hugsað meira um málið hafa peningar komið oftar upp í hugann. Ekki endilega menning, já eða listir – og hreint ekki jöfnuður ... heldur peningar. Monnípeningar.

Nefnilega það.

Það er óskapleg peningalykt í landinu.

Og mikið ofboðslega er hún megn.

Sú var tíðin að íbúar heilu þorpanna á Íslandi gátu ekki hengt út þvottinn sinn fyrir fyl-unn sem lagði af fiskverkun bæjar-aris. Og sú var líka tíðin að heilu stofnanirnar í miðborg Reykjavíkur þurftu að bregða límbandi yfir alla gluggafalsa af því að svo

sterkan daun lagði af bræðslunni úti í Örfirisey að embættismenn voru við það að falla í ómegin á úrsvolum degi. Þetta voru ljótu tímar. Ekki ósvipaðir þeim þegar fína hverfið á Bráðræðisholtinu féll í verði þegar lýsislyktina lagði yfir uppgerðu húsin og nýju þakplötturnar voru við það að bráða í stybbunni.

Allt var þetta kallað peninga-lykt síns tíma.

Og þótt lyktin a tarna hafi vissulega verið með því hvimleð-asta sem fyllir viðkvæm vitin var alltaf hægt að horfa á björtu hlið-arnar; samfélagið var þó að græða á meðan lyktina lagði yfir bæinn. Sumsé saklaust.

Peningalykt nýrrar aldar er annars konar. Hana leggur ekki inn um nefið heldur út um vitin. Það er eins og fólkið í landinu hafi um ekkert merkilegra að tala en vexti og ávöxtun, virka eignar-araöld og verðbréf. Eins og þetta er nú skemmtilegt. Og hvort maður kaupir nú ekki örugglega í Símanum.

Sú var tíðin að Íslendingar urðu af aurum apar. Og keyptu bréf í hæsta gálga genalógunnar. Svo hrundu þeir með skruðningum. Án þess að hafa orð á því. Í þessum efnem sem öðrum eru Íslendingar nefnilega áhlaupsmenn. Og hjarð-menningin alger. Þetta á við um fótanuddtæki og fjár-málaumsvíf. Það er eins og sama víman fylli þjóðina einhverju óbilandi sjálfs-trauti. Og af því boðleðirn-ar eru svo óhugnanlega stuttar – og þjóðin svo fá-menn að hún rúmast öll í einu og sama samkvæminu – er um að gera að allir geri eins.

Það er þetta sem gerir þjóðina einsleita.

Öll áhlaupin eru með sama stutta tilhlaupinu.

Og nú er það sumsé kapp- hlaup eftir keisarans auði.

Á Íslandi eru gefin út jafn mörg viðskiptablöð og dag-blöðin eru. Viðskiptafréttir eru fyrir allnokkra farnar að skyggja á menningarfréttir – og fyrir margt löngu orðnar flottari en íþrótafréttir. Íslensk umræða snýst um þrjátíu prósentu part úr öðrum fimmtíu prósentum. Merkilegustu fréttirnar byrja flestar hverjar á yfirtöku. Og til-færslu á fé. Öll þjóðfélagsmæð-an er meira og minna farin að enda með orðinu group.

Ég er ekki viss um að útlend-ingum finnst þetta spennandi samfélag. En svona er það samt.

Útlenda sjónvarpstökuliðöð kemur á þriðjudag. Mikið óskap-lega held ég að svar mitt verði leiðinlegt. Já, heiðarlega leiðin-legt. ■

## FRÉTTAÐLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Eilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN: AUGLÝSINGAR: Skatahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 4 FRÉTTAÐLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: vlsir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni bladsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds. ISSN 1070-3871



# Og1

## **Internet** – Hver vill ekki margfalda hraðann á Netinu og sleppa við áhyggjur af niðurhali?

**Og1** er ný þjónusta sem gerir þér kleift:

**Að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði með verðtryggingu**

ADSL hraði miðast við þjónustusvæði Og Vodafone.



# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

„Stjórnvöld hafa auðvitað enn þann kost, ef þau kæra sig um, að breyta ferlinu. Stjórnvöld gætu sagt að þar sem við værum komin með fjárhagslega burði til að kaupa 30 prósent að einungis 70 prósent yrðu seld hæstbjóðenda. Þannig kæmi verð á Símann og 30 prósent færu svo á markað á sama verði.“

## Tekin í gíslingu

Blaðagrein Agnesar Bragadóttur kveikti í fjölda fólks sem vill fá tækifæri til að taka þátt í einkavæðingu Símanns í gegnum óstofnað hlutafélag. Agnes vill að almenningur sitji við sama borð og stórir fjárfestar og eigi kost á að hagnast á kaupum í Símanum. Hún er sannfærð um að verðmæti hans eigi eftir að aukast.

Agnes segist hafa farið að hugsa um söluna á Símanum í sögulegu samhengi, henni hafi fundist þetta hreint frá sagt óréttlátt og að það hafi verið kveikjan að harðorðri grein hennar í Morgunblaðinu. Í greininni skoraði hún á almenning að bjóða í Símann og viðbrögðin létu ekki á sér standa. „Ég er ekki neinn talsmaður kommúnisma eða alræðis óreiganna,“ segir Agnes, það sé ekki hennar mottó. Hún tekur fram að hún sé innilega hlynnt einkavæðingu en þegar verið sé að selja þær eignir ríkisins, sem séu þar af leiðandi eignir allra landsmanna, sem hafi gefið mest og best af sér eigi almenningur að eiga þess kost að leysa til sín að minnsta kosti að hluta sínar eigur. „Þar með situr hann við sama borð og stóru fjárfestarnir.“

Agnes segist fyrst og fremst deila á stjórnvöld fyrir linkind og þjónkun við fáa á kostnað allra hinna. Löggjafinn beri ábyrgð á skómmuninni úr ríkisrekstrinum og því beini hún gagnrýni sinni ekki að þeim sem áhugasamir séu um kaup á Símanum. „Það er ekki hægt að ráðast á þá sem eru að spila eftir þeim reglum sem þeim eru settar á markaði en það er ekki þar með sagt að reglurnar og ferlið séu það rétta.“

Agnes segist ekki hafa gert atugasemdir við söluna á Símanum ef hann hefði verið seldur í heilu lagi til hæstbjóðenda eða ef hann hefði allur farið á markað. „Mér finnst frumskilyrði að það sé ekki beðið í tvö og hálf ár með að 30 prósent af honum fari til almennings. Það átti að gera strax.“

Ein af spurningunum sem hafa vaknað síðustu daga er hvort ferlinu verði breytt vegna greinilegs áhuga almennings á að gerast hluthafi í Símanum. „Stjórnvöld hafa auðvitað enn þann kost, ef þau kæra sig um, að breyta ferlinu,“ segir hún og kemur með til lögu að lausn. „Stjórnvöld gætu sagt að þar sem við værum komin með fjárhagslega burði til að kaupa 30 prósent yrðu einungis 70 prósent seld hæstbjóðanda. Þannig kæmi verð á Símann og 30 prósent færu svo á markað á sama verði.“

### Rós í hnappagatið

Tilboðum í Símann á að skila inn fyrir sjötta maí og því er naumur tími til stefnu. Það virðist lítil áhrif hafa á Agnesi því hún telur kaup á Símanum bæði framkvæmanleg og möguleg. Hópur-

inn þurfi að reiða sig á að þeir sem sjái um afgreiðslu þeirra mála sýni ákveðna tilhlýðrun, til að mynda að Fjármálaeftirlitið veiti þeim flýtimeðferð þegar útbóðslýsing er tilbúin og þess háttar. Ef það nægir ekki vonast Agnes eftir að einkavæðingarnefnd ákveði að veita hópnum frest um sex til átta vikur ef hann brenni inni á tíma. „Ef okkur tekst að stofna fjöldahreyfingu með vonandi 20 þúsund félögum fæ ég ekki séð að hægt sé að standa gegn því að svona breið fylking fái að taka þátt, bara vegna þess að við erum að missa af lestinni.“

Agnes segir enga stærri fjárfesta hafa haft samband, hópurinn hafi haft frumkvæði að viðræðum við þá. „Okkur finnst það alveg furðulegt því að okkur finnst við svo flottur kostur. Breið fylking er tvímælalaust rós í hnappagat þeirra stóru. Kannski hafa þeir ekki áttað sig á þessu, kannski vilja þeir bíða og sjá hvort okkur tekst þetta og ef okkur tekst þetta vilja þeir örugglega tala við okkur.“

### Ætla ekki að stjórna

Agnes, Orri Vigfússon og Ingvar Guðmundsson koma til með að sitja í stjórn félagsins til bráðabirgða. Agnes á von á því að það taki breytingum eftir fund með félögum sem halda á bráðlega. Þar verði teknar ákvarðanir um lög, reglur, framtíðarsýn og kosid í stjórn.

Allir þeir sem ætla að bjóða í Símann verða að skila inn framtíðarsýn fyrirtækisins og segir Agnes vinnu við framtíðarsýn hópsins vera í gangi. Það vaki þó ekki fyrir hópnum að ætla að stjórna umbreytingunum. „Við höfðum hugsað okkur að ef okkur tekst að verða einn af stórum fjárfestum í Símanum verður innan hinna hópanna sérfræðipækkingin og reynslan sem til þarf. Sagan segir okkur að þegar fjarskiptafyrirtæki eru einkavædd fara þau í gegnum ákveðið umbreytingarferli og verðmæti þeirra eykst.“

Ég er sannfærð um að það sama muni gerast með Símann án þess að ég hafi hundsvit á því hvernig það eigi að gerast.“

Agnes vonast til að geta ráðist í að stofna hlutafélag um kaup á Símanum strax eftir helgi ásamt þeim Orra og Ingvari.

Hún reiknar með að loforð fyrir um 10 til 12 milljörðum hafi borist en hún hafi ekki nákvæma



BLAÐAMADUR Í BUSINESS Vonast til að fá 20 þúsund manns til liðs við sig.

tölu því að mikið af tölvupóstum hafi borist sem enn hafi ekki gefist tími til að fara yfir. „Ef þær vísbendingar sem við höfum í höndunum núna verða að veruleika í sambandi við hversu mikla fjármuni fólk vill leggja í þetta erum við á grænni grein.“

### Tekin í gíslingu

Agnes segir málið auðvitað setja sig í ákveðna klemmu enda hafi hún aldrei ætlað sér neitt meira en að skrifa eina viðhorfsgrein og halda svo áfram starfi sínu sem fréttastjóri viðskiptafrétta

Morgunblaðsins. „En málið er að ég var eiginlega tekin í gíslingu. Mörgum fundist ég vera að svíkja málstaðinn með því að ljá honum ekki lið af fullum krafti.“ Agnes segist upphaflega ekkert hafa ætlað að aðhafast en svo hafi hún endurskoðað hug sinn. „Eftir það talaði ég við ritstjórnann og hann sagði mig geta farið í launalaust leyfi. Að því leyttinu finnst mér ég ekkert vera í erfiðri stöðu, ég lít á þetta sem ákveðið verkefni en svo ætla ég auðvitað aftur í mitt upphaldsstarf á Morgunblaðinu.“

Agnes hefur engar áhyggjur af því að þetta mál eigi eftir að hafa áhrif á starf hennar á Morgunblaðinu þegar hún snýr aftur. „Ég held að hægt verði að líta þannig á þegar fram í sækir að hryssan hafi hlaupið útundan sér ef ég hef slitið einhver fjölmiðlasambönd mín út af ótemjulegri og óhemjulegri framgöngu. Þegar ég verð komin aftur á mitt fasta og góða tölt, og hætt að stökkva útundan mér, fyrirgefa hestamennirnir í bankaheiminum mér,“ segir hún full bjartsýni og á leið á fund.

dogg@frettabladid.is

**ÍSLENSK VERÐBRÉF**  
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Verðbréfsjóður ÁKV. lögum nr. 30/2003

**Góð ávöxtun vegur þungt**  
– og þar erum við á toppnum!

**11,2%\***

**Verðbréf 3 - Peningamarkaður**

Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.

\*Nafnávöxtun frá 01.03.2005 - 31.03.2005 á ársgrundvelli



# Og1

**Og1** er ný þjónusta **Og Vodafone** sem lækkar kostnað heimila verulega og færir þeim rausnarlegan ávinning.

## GSM

### 0 KR. HEIM

Nú hringja allir heim úr GSM án þess að greiða mínútugjöld í allt að 60 mínútur á dag.

### 0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM

Hvert GSM númer fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir GSM áskrift er 600 kr.  
Gildir fyrir Frelsisnotendur með 500 kr. Frelsisáskrift.

## Heimasími

### 0 KR. INNANLANDS

500 mínútur í aðra heimasíma eru innifaldar í mánaðargjaldi. Flestir tala minna en í 500 mínútur á mánuði á milli heimasíma og greiða því ekkert mínútugjald.

### 0 KR. Í VIN Í ÚTLÖNDUM

Hver Heimasími fær 120 mínútur á mánuði í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald fyrir Heimasíma er 1.340 kr.

## Internet

### MEIRI HRAÐI, FRJÁLST NIÐURHAL OG VERÐPAK

Þú átt þess kost að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.

ADSL hraði miðast við þjónustuvæði **Og Vodafone**.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet, geta skráð sig í **Og1**. Þeir sem eru með síma eða nettengingu frá vinnuveitanda ættu einnig að kynna sér **Og1**.



## PETTA GERÐIST

# Árásin í Svínaflóa



**BENJAMIN FRANKLIN**  
(1706-1790) lést á þessum degi.

„Aðdáun er dóttir fáfræðinnar.“

Uppfinningamaðurinn og rithöfundurinn Benjamin Franklin var einn þeirra sem skrifuðu undir sjálfstæðislýsingu Bandaríkjanna og hefur alla daga síðan verið einn dádasti maður landsins.

Á þessum degi árið 1961 réðust kúbanskir útlagir inn í Svínaflóa á Kúbu. Útlagarnir höfðu hlotið þjálfun og fjármagn hjá bandarísku leyniþjónustunni og áttu að steypa Fidel Castro af stóli. Innrásin misheppnaðist algjörlega.

Castro hafði verið bandarískum ráðamönnum þynir í augum frá því að hann náði völdum á Kúbu árið 1959. Hann hafði þjóðnýtt bandarísk fyrirtæki og rak mikinn áróður gegn áhrifum Bandaríkjanna á eyjunni. Óttast var að hann myndi leita á náðir Sovétmanna og yrði ógn við Bandaríkin á þeirra eigin áhrifasvæði.

Árið 1960 ákvað Dwight D. Eisen-

hower Bandaríkjaforseti að bandaríska leyniþjónustan skyldi þjálfa litinn her kúbanskra útlaga til að skipuleggja innrás á Kúbu. John F. Kennedy erfði áætlunina þegar hann varð forseti árið 1961. Hann gaf grænt ljós á árásina þótt hernaðarráðgjafar hans bentu á að léttvopnað herlið mætti sín litils í slíkri innrás. Hinn 17. apríl óðu um 1.200 útlagar á land í Svínaflóa. Vonir stóðu til að þeir myndu fylla aðra Kúbana eldmóði, þeir myndu rísa gegn Castró og steypa honum af stóli. Útlagaherinn beið afroð um leið og hann gekk á land. Kúbanski herinn fellði um hundrað útlaga og handtók 1.100. Ekkert varð af upp-



17. APRÍL 1961

reisninni sem vonast var eftir.

Árásin reyndist Bandaríkjunum dyrkeypt, hún rak Castro nær Sovétríkjunum og hann leitaði til þeirra eftir vopnabirgðum. Það leiddi til Kúbu-deilunnar svokölluðu í október árið 1962 þegar stórveldin voru á barni kjarnorkustríðs. Þá rýrði árásin orðstír Bandaríkjanna víða um Rómönsku Ameríku.

## MERKISATBURÐIR

- 1194** Ríkharður Ljónshjarta snýr aftur til Englands, eftir að hafa sigrað Saladin leiðtoga múslima í þriðju krossferðinni.
- 1492** Spánn samþykkir að fjármagna landkönnunarleiðangur Kristófers Kólumbusar og hann heldur í vestrátt í leit að nýrri leið til Asíu.
- 1913** Jámbraut með eimreið tekin í notkun í Reykjavík, sú fyrsta og eina hér á landi. Hún var notuð til að flytja grjót frá Öskjuhlíð til Reykjavíkurhafnar.
- 1939** Ríkisstjórn Hermanns Jónssonar, þjóðstjórnin, tekur við völdum og situr í þrjú ár.
- 1970** Paul McCartney gefur út sína fyrstu sólóplötu, sem nefnist einfaldlega McCartney.
- 1994** Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, opnað. Þar eru einkum verk eftir Gerði Helgadóttur myndhöggvara.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýðug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Ara B. Einarssonar**

kaupmanns, Haðalandi 9, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

Kristín Aradóttir

Guðrún Aradóttir

Ragnheiður Aradóttir

afabörn og langafabörn.

Jón S. Þórðarson



Bróðir okkar,

**Jón Hafliði Kjartansson**

Kleppsvægi 128,

lést á dvalarheimilinu Grund þriðjudaginn 5. apríl. Jarðarförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 18. apríl kl. 15.

Sigríður Kjartansdóttir,

Halldór Kjartansson,

María Ólöf Kjartansdóttir.

## TÍMAMÓT: KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS TUTTUGU ÁRA

# Gerast varla sterkari

Íslandsmeistaramót Kraftlyftingasambands Íslands var haldið í tuttugasta skipti nú um helgina. Ólafur Sigurgeirsson, hæstaréttarlögmaður og ritari sambandsins, þekkir sögu þess betur en flestir.

„Aðdragandinn að stofnun þess var sá að það var stofnað sérsamband fyrri bæði ólympískar lyftingar og kraftlyftingar innan Íþróttasambands Íslands árið 1973,“ rifjar hann upp. „Þessar íþróttir uxu hvor í sína áttina eins og gerist og það var gripið til þess ráðs að stofna tvær nefndir innan sambandsins árið 1983. Við vildum hins vegar halda betur í við þróunina úti í heimi og stofna sérstakt kraftlyftingasamband. Það reyndist ekki vilji fyrir því að hafa tvö kraftlyftingasambönd innan ÍSÍ og



**ÓLAFUR SIGURGEIRSSON** Byrjaði að lyfta þegar hann glímdi fyrir KR á sjöunda áratugnum. Hann var fyrsti formaður Kraftlyftingasambandsins og hefur verið ritari þess í áratug.



því stofnuðum við Kraftlyftingasamband Íslands utan þeirra vébanda 2. mars árið 1985.“

**RISINN MÆLDUR** Ólafur mælir ummál Jóns Páls Sigmarssonar heitins. Hann þakkar það mönnum á borð við Jón Pál að kraftlyftingar eru vinsælar meðal almennings.

Kraftlyftingar eru vinsæl íþrótt hvort sem litið er til fjölda þátttakenda eða áhorfenda. Ólafur segir skýringuna að hluta til

## Fróðleikur af gardur.is



Fyrsti forseti Íslands:

## Sveinn Björnsson

Sveinn Björnsson var fæddur 27. febrúar 1881, sonur Björns Jónssonar, ritstjóra Ísafoldar, síðar ráðherra, og k.h. Elísabetar Sveinsdóttur. Stúdent frá Lærða skólanum 1900. Embættispróf í lögfræði frá Hafnarháskóla 1907. Starfaði síðan sem málaflutningsmaður. Bæjarfulltrúi í Reykjavík 1912-20, forseti bæjarstjórnar 1918-20 og alþingismaður Rvíkur 1914-16 og 1919-20. Frumkvöðull margra þjóðþrifa-

fyrirtækja, var einn af stofnendum Eimskipafélagsins 1914, formaður þess 1914-18 og 1924-26, stofnandi og forstjóri Brunabótafél. Ísl. 1916-20, einn stofnenda Sjóvátryggingafél. 1918, formaður þess um tíma. Sendiherra Íslands í Danmörku 1920-24 og 1926-41. Einn stofnenda Rauða kross Íslands 1924, fyrsti formaður hans, síðar heiðursfélagi. Hvatamaður að stofnun Golfklúbbs Íslands 1934, heiðursfélagi hans, einnig Lögmannafélagsins, þar sem hann hafði gegnt formennsku. Ráðunautur ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum 1940-41. Kjörinn ríkisstjóri Íslands 1941. Endurkjörinn tvisvar, unz hann var kosinn forseti Íslands á Alþingi 17. júní 1944, þjóðkjörinn án atkvæðagreiddslu frá 1945 og aftur frá 1949 til æviloka, 25. jan. 1952. Naut mikillar virðingar fyrir störf sín fyrr og síðar. Eftir hann liggja Endurminningar (1947) auk fjölda blaðgreina og bókakafla. Sveinn kvæntist 1908 Georgiu, f. Hansen, frá Jótlandi. Áttu þau fjóra syni og tvær dætur.

Meira á gardur.is



Hægt er að setja inn ævidrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,  
**Oddný Hansína Runólfssdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum fimmtudaginn 14. apríl.

Fríðrik Jóseppson, Kristín Árdal, Oddný og María.



Ástkær móðir mín  
**Erna Ragnarsdóttir**

fyrirverandi bankastarfsmaður,

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Ösp Viggósdóttir.

Sérstakar þakkir fá fjölskyldan Hofslundi 6, Garðabæ, og starfsfólk á 14-G, Landspítalanum við Hringbraut.

## AFMÆLI



**Gylfi Gröndal** rithöfundur er 69 ára í dag.



**Jón Sigurðsson** bankastjóri er 64 ára í dag.



**Jakob Ágúst Hjálmarsson** prestur er 58 ára í dag.



**Séra Hjálmar Jónsson**, fyrrum þingmaður, er 55 ára í dag.



**Kristinn Björnsson**, fyrrum forstjóri, er 55 ára í dag.



**Eyjólfur Kristjánsson** tónlistarmaður er 44 ára í dag.



**Sveinbjörn Gizurarson**, framkvæmdastjóri Lyfjabróunar, er 43 ára í dag.

## Þrjár djáknar vígðir til starfa

Biskup Íslands vígir þrjá djákna í Dómkirkjunni í Reykjavík klukkan tvö í dag.

Í tilkynningu Þjóðkirkjunnar kemur fram að vígðar verði til djáknaþjónustu Aase Gunn Guttormsen, til hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar og Seljakirkju, Kristín Axelsdóttir, til heilsugæslustöðvarinnar Lágmúla 4, með kirkjutengsl við Laugarneskirkju, og Margrét Svavarsdóttir til Áskirkju.

„Þegar hafa á þriðja tug djákna hlotið vígslu hér á landi. Að þessu sinni bætist nýr starfsvettvangur við þá staði sem hafa djákna í sinni þjónustu, þegar Kristín Axelsdóttir vígist til Heilsugæslustöðvarinnar

Lágmúla 4 sem er fyrsta einkarekna heilsugæslustöðin á landinu. Heilsugæslustöðin sótti um vígslu fyrir Kristínu, sem hefur starfað við stöðina um árabil,“ segir í tilkynningu, en með þessu er sögð áhersla lögð á mikilvægi þess að sinna þörfum hvers og eins á sem heildstæðastan hátt. „Með köllun Kristínar til djáknaþjónustu er einnig verið að stíga spor í átt að þverfaglegu samstarfi kirkju og heilbrigðiskerfis.“ ■

**DÓMKIRKJAN** Klukkan tvö í dag verða vígðir þrjár djáknar í Dómkirkjunni, en vígslan er að þessu sinni sögð marka tímamót í þverfaglegu samstarfi kirkju og heilbrigðiskerfis.



## Borgaraleg ferming 2005

Fyrir hádegi í dag fer fram borgaraleg ferming í stærsta sal Háskólabíós, en þá fermast 93 börn borgaralega. Að því er fram kemur í tilkynningu Siðmenntar hefur hópurinn aldrei verið fjölmennari.

„Borgaraleg ferming hóf göngu sína á Íslandi 1989 og hefur dafnað og vaxið mikið síðan,“ segir í tilkynningunni og tekið fram að á þeim tíma hafi 755 börn tekið þátt í undirbúningsnámskeiði og hátíðlegum lokaathöfnum sem um 9.000 manns hafi sótt. „Á fermingarnámskeiðum Siðmenntar er fjallað um siðfræði, mannleg samskipti, mannréttindi, jafnrétti, ábyrgð, efahyggju, gagnrýna hugsun, mismunandi lífsskoðanir, trúarheimspeki, tilfinningar, skað-



**HÁSKÓLABÍÓ** 93 börn munu fermast borgaralega í stærsta sal bíósins.

semi vímuefna, ofbeldi og einelti, hvað gefur lífinu gildi, í hverju hamingjan felist, að vera unglingur í auglýsinga- og neyslusamfélagi og að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.“ Dagskrá fermingarhátíðarinnar er að finna á vef Siðmenntar, sidmennt.is. ■

þá að það er mikið af litríkum persónuleikum í greininni. „Á áttunda áratugnum var Skúli Óskarsson mjög áberandi, en þegar hann dró sig í hlé tók Arthúr Bogason við sem sterkasti maður landsins allt þar til Jón Páll Sigmarsson sló hann út. Í kjölfar Jóns hafa komið menn á borð við Hjalta Úrsus og Magnús Ver. Það fór mikið og fer mikið fyrir þessum mönnum; árangur þeirra var á heims-mælikvarða og þeir létu mikið í sér heyra og gerðu íþróttina nokkuð áberandi.“ Þá bendir Magnús á að kraftakeppnir gerist ekki mikið betri en Íslandsmeistaramótið, til að öðlast þátttökurétt þurfi að ná lágmarksárangri og því séu það aðeins þeir allra sterkustu sem keppi.

Magnús segir mikla grósku í greininni í dag og að efniviðurinn sé góður. „Það er mikið af stórum og sterkum strákum að byrja núna, átján til nítján ára gamlir og sumir 150 kíló á þyngd. Við erum ekki á flæðiskeri staddir hvað framtíðina varðar. Tökum Benedikt Magnússon sem dæmi, hann er einn af okkar sterkustu mönnum og ekki nema 22 ára.“

Sjálfur byrjaði Ólafur að lyfta fyrir 37 árum þegar hann glímdi fyrir KR. Hann var fyrsti formaður Kraftlyftingasambandsins á sínum tíma og hefur verið ritari þess í tíu ár. „Ég get ekki slitið mig frá þessu. Ég lyfti jafn mikið og áður og þó ég sé hættur að keppa mun ég alltaf finna leið til að vera viðloðandi þessa grein.“ ■

### ANDLÁT

**Guðrún Jónsdóttir**, áður til heimilis á Týsgötu 4b, Reykjavík, er látin. Útförin fór fram í kyrrþey.

**María Rós Leifsdóttir**, Viðihvammi 26, Kópavogi, lést laugardaginn 9. apríl.

**Kristinn Jónsson**, fyrrverandi tilraunastjóri, Birkivöllum 32, Selfossi, lést þriðjudaginn 12. apríl.

**Jóhann Ólafur Guðmundsson**, Valhúsbraut 15, Seltjarnarnesi, lést fimmtudaginn 14. apríl.

**Árni Þór Jónsson**, Lindargötu 57, lést föstudaginn 15. apríl.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.

Við leikum út ýmsum trompum og bjóðum

# Vorbúhnykkur

í heimsókn.

**SIEMENS**  
**Keramíkhelluborð, EH 755501E**  
Tvær spanhellur og tvær hraðsuðuhellur. Snertihnappar.  
Búhnykksverð: 89.000 kr. stgr.

**SIEMENS**  
**Keramíkhelluborð, ET 725501**  
Fjórar stiglaust stillanlegar hraðsuðuhellur, snertihnappar.  
Búhnykksverð: 69.000 kr. stgr.

**SIEMENS**  
**Bakstursofn, HB 330550S**  
58 lítra, 8 hitunaraðgerðir. Sökkhnappar o. fl. o. fl.  
Búhnykksverð: 69.000 kr. stgr.

**SIEMENS**  
**Kæli- og frystiskápur, KG 26V422**  
186 lítra kæli, 54 lítra frystir. Orkuflokkur A. Hxbxd = 155 x 60 x 64 sm.  
Búhnykksverð: 59.000 kr. stgr.

**SIEMENS**  
**Kæliskápur, KS 33V622**  
235 lítra kæli, 78 lítra frystir. Orkuflokkur A. Hxbxd = 170 x 60 x 64 sm.  
Búhnykksverð: 55.000 kr. stgr.

**SIEMENS**  
**Uppþvottavél, SE 34E238SK**  
Fjögurra kerfa uppþvottavél á alveg einstöku verði.  
Búhnykksverð: 48.000 kr. stgr.

**SIEMENS**  
**Uppþvottavél, SE 35M562SK**  
Glæsileg vél úr ryðfríu stáli. Fimm þvottakerfi. Orkuflokkur, þvottahæfni, þurrkæfni: A/A/A.  
Búhnykksverð: 78.000 kr. stgr.

**SIEMENS**  
**Þvottavél, WXB 2462EU**  
Gæðagripur á frábæru verði. Tækur 5 kg, vindur upp í 1200 sn./mín.  
Búhnykksverð: 49.000 kr. stgr.

- Seljum öll smátæki frá Bosch og Siemens með 25% afslætti.
- Einnig er í gildi góður afsláttur á öllum ryksugum frá Siemens.
- Búhnykksverð á þráðlausum sínum og farsínum frá Siemens.
- Lampar á tombóluverði. Ýmsar lampagerðir á rýmingarsölu. Allt að 50% afsláttur.
- Einnig tilboðsverð á ýmsum fleiri stórum tækjum.
- Komíð og geríð góð kaup.

Vorbúhnykkur hefst mánudag 18. apríl.


## SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • 105 Reykjavík  
Sími 520 3000 • [www.sminor.is](http://www.sminor.is)



„Fólk gerir ýmislegt til að láta sér líða betur.  
Stundar yoga, hleypur og lyftir lóðum, borðar grænmeti,  
gengur til sálfræðinga, les sjálfshjálparbækur.

Ég spara.“



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi,  
á [landsbanki.is](http://landsbanki.is) eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú  
tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir  
í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.

Gamli og nýi tíminn mætast með skemmtilegum hætti í Safnahúsinu á Ísafirði. Húsið var reist 1925 og var sjúkrahús Ísfirðinga og annarra Vestfirðinga í næstum sjötíu ár. Bókasafnið, ásamt skjalasafni, listasafni og ljósmyndasafni, var opnað fyrir einu og hálfu ári í endurbættu húsinu og er einkar vel gert við bókbyrsta. Nýjustu bækurnar fylla hillurnar í bland við eldra efni og á göngum eru tölvur sem tengja fólk við nútímann og framtíðina ef því er að skipta.

Íbúar Ísafjarðar koma víða að úr heiminum, ekki síst frá Póllandi og Taílandi, og forstöðumaður bókasafnsins, Jóhann Hinriksson, leggur sig í framkróka við að þjóna öllum.

„Hér hafa alltaf verið til bækur á erlendum tungumálum, mikið á dönsku, skandinavísku og ensku,“ segir Jóhann. „Þegar svo Króatarnir komu hingað vestur á sínum tíma keyptum við nokkur hundruð bækur á króatísku svo þeir hefðu eitthvað að lesa því þeir komu nú allslausir, eða því sem næst.“ Mest keypti Jóhann af bókum fyrir börnin svo þau glötuðu ekki móðurmálinu og hafði minni áhyggjur af þeim fullorönu. „Króatarnir voru tíðir gestir í safninu til að byrja með en svo tóku þeir upp á því að flytja suður og eru flestir farnir þangað.“ Ekki er þar með sagt að króatísku bækurnar rykfalli í hillunum, bækurnar eru nú sendar fram og til baka með póstinum.

#### Langsetur í safninu

Fjöldmargir Pólverjar hafa tekið sér bólfestu á Ísafirði og Jóhann hefur vitaskuld brugðist við því. „Meðal þeirra er töluverður áhugi á lestri og við höfum keypt inn talsvert af pólskum bókum undanfarin ár. Okkur hefur meira að segja lánast að fá styrki til kaupanna,“ segir Jóhann og bætir við að pólskar bækur séu þægilegar til innkaupa og ódýrar í ofanálág.

„Ég þekki ekkert til pólsks litteratúrs heldur fletum við þessu upp á listum auk þess að spyrja Pólverjana hvað þeir vilji,“ svarar Jóhann aðspurður hvort hann sé vel heima í bókmenntaheimum Póllands.

Fjöldi Taílendinga býr einnig á Ísafirði og slæðingur til af taílenskum bókum, eins og Jóhann orðar það. „Það er hins vegar svólitíð erfiðara dæmi því skráningin er dálítill hausverkur. Taílendingarnir nota nefnilega annað stafróf en við en það er hægt að umskrifna það og halda reiður á kostinum.“ Taílensku bækurnar eru þó ekki jafn mikið lesnar og þær króatísku og pólsku. „Ég hef á tilfinningunni að Taílendingarnir séu ekki jafn textasinnaðir og margir aðrir. Þeir virðast ekki lesa mikið, talkúltúrin virðist ríkari í þeim,“ segir Jóhann en áréttar að þetta séu aðeins hans vangaveltur, orð hans byggist ekki á vísindalegum rannsóknum.

Sjálfir eru Ísfirðingar duglegir að lesa og segir Jóhann útlánin á



SAFNAHÚSIÐ Á ÍSAFIRÐI Auk bókasafnsins eru skjalasafn, ljósmyndasafn og listasafn í húsinu. Myndin var tekin í fannferginu í byrjun janúar.

## Lesið á tungum tveimur og þremur

Bókakosturinn í hinu glæsilega bókasafni Ísafjarðar telur 120 þúsund bækur og rit. Pólverjar eru tíðir gestir á safninu og talsvert til af bókum á pólsku. Umfang endurbóta safnhússins var talsvert meira en þegar húsið var reist frá grunni á sínum tíma. Björn Þór Sigbjörnsson tók hús á Jóhanni Hinrikssyni, forstöðumanni safnsins.

safninu eitthvað yfir landsmeðaltali. Það hafi reyndar sín áhrif á útlánatölurnar að eftir flutninginn í nýja húsið kjósi margir að verja löngum tíma við lestur í safninu sjálfu. „Fólk situr hér í þrjá til fjóra tíma og les, sem vitaskuld er fínt mál en það kemur ekkert prik í útlánabókina.“ Jóhann tekur fram að sér sé það ekki sérstakt kappsmál að geta sýnt fram á háar útlánatölur, mest um vert sé að fólk komi í húsið.

#### Fimm hundruð blaðsíður

Það var á eitthundrað ára afmæli bókasafns Ísafjarðar, 1989, sem bæjaryfirvöld færðu safninu nýjan húsakost að gjöf. Sjúkrahúsið var þá flutt í nýbyggingu handan túnsins og eftir stóð hið glæsta hús sem reist var 1925. Það þarfnadist talsverðra endurbóta sem almennt er talið að hafi tekist vel þó mikill tími hafi farið í verkið, svo ekki sé nú minnst á peninga. „Þetta er gott hús og hér fer afar vel um okkur. Ég held að húsið sé byggt úr dönsku sementi því ekki vottar fyrir alkalískemmdum eða neinu þvíumlíku.“ Húsinu var komið í sitt upprunalega horf, um

leið og tryggt var að öll nútímaþægindi yrðu til staðar. Þegar í slíkt er ráðið kunna mál að flækjast. „Það var miklu meira mál að endurbyggja húsið heldur en að reisa það frá grunni á sínum tíma. Þegar það var byggt var framkvæmdin boðin út sem var fátítt í þá daga. Útboðsgögnin töldu tvær eða þrjár vélritaðar blaðsíður auk teikninga. Endurbyggingin var sett í þrjá áfanga og útboðsgögnin fylltu þrjár þykkar möppur. Ég held að samtals hafi þetta verið um fimm hundruð blaðsíður, A3.“

Bókakostur bókasafns Ísafjarðar telur samanlagt um 120 þúsund bækur og rit og er bróðurpartinn að finna í höfuðbólunni, Safnahúsinu Eyrartúni. Útibú eru á Flateyri, Þingeyri og Suðureyri þar sem nokkur þúsund bækur eru, auk þess sem eitthvað er enn í geymslum úti í bæ.

En er safnvörðurinn Jóhann duglegur að lesa sjálfur? „Nei, ég er aðallega í því að skipuleggja bækur og hef ekkert vit á bókmenntum. En jú, jú ég les eitthvað örlítið. En það má ekki rugla saman bókmenntum og bókasöfnum, það er alveg óskilyt.“



JÓHANN HINRIKSSON, FORSTÖÐUMAÐUR BÓKASAFNSINS Á ÍSAFIRÐI „Endurbyggingin var sett í þrjá áfanga og útboðsgögnin fylltu þrjár þykkar möppur. Ég held að samtals hafi þetta verið um fimm hundruð blaðsíður, A3.“

## Vatnsleikfimi

Almenn úthalds- og styrktarþjálfun sértaklega hugsuð til að bæta líðan í hálsi, herðum og baki. Líðkandi æfingar og teygjur í hverjum tíma. Leikfimin hentar einkum vel þeim sem eru viðkvæmir í hjám eða mjöðmum.

**Kennslan fer fram í sundlaug Endurhæfingarstöðvar LSH við Grensás.**

Kennt er frá kl. 12.05 til 12.45 virka daga  
Skráning fer fram í síma 897-2896  
Vefsíða: [www.folk.is/breidubokin](http://www.folk.is/breidubokin)  
Netfang: [harpahe@hi.is](mailto:harpahe@hi.is)

Harpa Helgadóttir sjúkraþjálfari  
Sérgrein: Manual Therapy



## Kossinn seldur hæstbjóðanda


Franska leikkonan fyrrverandi, Françoise Bornet, ætlar að setja á uppboð fræga svart-hvíta ljósmynd sem var tekin af henni og þáverandi unnusta hennar árið 1950.

Talið er að myndin, sem nefnist Kossinn við þinghúsið, seljist fyrir um það bil 1,2 milljónir króna. Var hún tekin af ljósmyndaranum Robert Doisneau. Á myndinni sést Bornet halda á eftirprentun af myndinni verðmætu fyrir utan þinghúsið þar sem þetta fallega augnablik var fest á filmu.

FRANÇOISE BORNET Franska leikkonan fyrrverandi heldur á eftirprentun af ljósmyndinni frægu, Koss við þinghúsið.



VIÐ VITUM AÐ ÞÚ  
HEFUR SÉÐ ALLT...



### ...EN ÞAÐ KEMUR BARA ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT!

Núna er það Nissan Murano, hannaður frá grunni með það eitt fyrir augum að gleðja öll skilningarvit. Útlitið er einfaldlega engu öðru líkt og hentar sannarlega ekki þeim sem vilja láta fara litið fyrir sér. Hann er fjórhjóladrifinn, knúinn sportlegri 3,5 lítra V6 vél. Hann er kvikur eins og fólkubíll en rúmar alla fjölskylduna og meira til. Þú situr hátt og ferð allra þinna ferða, hratt og örugglega.

Við frumsýnum Nissan Murano um helgina og bjóðum þér að koma og skoða þennan magnaða grip.  
Opið verður milli kl. 12 og 16, laugardag og sunnudag.



SKIPT\_ um hefðir

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 [www.ih.is](http://www.ih.is)

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga – sunnudaga kl. 12:00-16:00

Hrísmýri 2a  
800 Selfossi  
482-3100

Eyjarlandi 1  
530 Hvammstanga  
451-2230

Sæmundargötu 3  
550 Sauðárkróki  
453-5141

Holtsgötu 52  
260 Njarðvík  
421-8808

Dalbraut 2b  
300 Akranesi  
431-1376

Víkurbraut 4  
780 Höfn í Hornafirði  
478-1990

Búðareyri 33  
730 Reyðarfjörður  
474-1453

Sindragötu 3  
400 Ísafjörður  
456-4540

Óseyri 5  
603 Akureyri  
461-2960



## Fögnum sumri með Össuri

Á fimmtudaginn gengur sumarið í garð og þá bjóða stuðningsmenn Össurar Skarphéðinssonar til sumarfagnaðar í Starfsstöð Össurar, Ármúla 40, klukkan þrjú.

Sumarkaffi, grillbíllinn mætir, tónlistarmenn og skemmtikraftar leika listir sínar. Verið velkomin og takið fjölskylduna með. Dagskráin nánar auglýst á heimasíðu stuðningsmanna Össurar, [www.formadurinn.is](http://www.formadurinn.is)

Á réttri leið

Sími stuðningsmanna


517 6705

**birta**

SJÓNVARPSDAGSKRÁ  
VIKUNNAR »

### SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um íslenska tónlist?



Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið 1900.

**Dæmi:** Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND PAFINN** í þjónustunúmerið 1900.

#### Leystu gátuna:

Þú gætir unnið Pottþétt 37. Öll vinsælustu lögin í dag á tveimur stúfllum diskum.

#### Hvað heitir aðalsöngvari Trabant?

S) Ragnar Kjartansson B) Sigurjón Kjartansson H) Víðar Hákon Gíslason

#### Hvað heitir systir Sölva Blöndal í Quarashi?

D) Heiða V) Ragnheiður S) Magga Stína

#### Hvaða rokkari varð sextugur í vikunni?

D) Bubbi Morthens S) Rúnar Júlíusson H) Jónas R. Jónsson

#### Hvað heitir sonur Bjarkar sem sló í gegn á Músiktilraunum?

D) Þór C) Baldur Ó) Sindri

#### Haraldur Gíslason og Arnar Gíslason eru bræður. Með hvaða hljómsveitum tromma þeir?

L) Botnleðu og Írafári C) Botnleðu og Brain Police H) Brain Police og Írafári

SMS skeytið kostar 99 krónur.

## Saga af... heljarmenni

Áður hef ég sagt hluta úr merku viðtali sem Stefán heitinn Jónsson, rithöfundur og fréttamaður, átti við Pétur Hoffmann Salómonsson og birtist í bókinni Aflamenn. Þeir ræddust að mestu við í bílferð, en þrátt fyrir margrómaða hetjulund Péturs reyndist hann vera bílhræddur mjög. Þeir lögðu í ferðina frá Skúlagötu 4, þar sem nú er Hafrannsóknastofnunin og sjávarútvegsráðuneytið. Ríkisútvarpið var þá til húsa að Skúlagötu 4 og þurfti Pétur að bíða stutta stund í bílnum meðan Stefán sótti sitt hafurtask. Bílnum hafði Stefán lagt milli súlnanna undir framhlið hússins.

Þegar Stefán kom í bílinn sagði Pétur:

„Veistu hvað ég var að hugsa meðan þú varst í burtu? Ég koma auga á þessar sprungur, sem þú sérð þarna í veggnum, og þá kom mér í hug, hvað verða myndi ef nú kæmi jarðskjálfti ógurlegur og súlurnar hérna undir húsinu brotnuðu og húsið hryndi ofan á mig og bílinn. Hvort mig myndi þá ekki skorta orku til þess að brjótast út úr rústonum þótt gildir sé.“

Stefán segir síðan að hann hafi sannspurt af munni vitna frásögn af bardaga Péturs og nokkurra Dana við Strandgade femm og tyve í Kaupmannahöfn.

Pétur sagði að það gleddi sig að ég skyldi hafa heyrt frásagnir sjónarvotta af þeim atburði: „Þá fannst mér, skal ég segja þér, þegar ég stóð yfir höfuðsvörðum þeirra, að ég gæti lagt undir mig alla Danmörk með berum höndunum. Og það væri heimsmet ef út í þá sálma væri farið, að einn maður skyldi komast frá því ókláraður að hlaða svo mörgum Dönum. Það mætti fara með þann mann blindan í hjólastól um allan heim og sýna hann fyrir stórfé – dauðan í hálfan mánuð.“

Tilurð ferðar þeirra Stefáns og Péturs var sú staðreynd að Pétur var álaveiðimeistari þjóðarinnar. Að lokum skulum við lesa það sem hann sagði um veiðihorfur við upphaf ferðar: „Vitaskuld býst ég ekki við neinu, sem heitið geti veiði. En þó munum við hirða þá ála, sem renna kunna í gildrurnar, því allur fengur er frá gjafara góðra hluta. Og þarna kemur bíll á móti okkur.“



**NÝJAR ÍSLENSKAR  
ÞJÓÐSÖGUR  
með Sigurjóni**

SIGURJÓN M. EGILSSON [sigurjon@frettabladid.is](mailto:sigurjon@frettabladid.is)

## VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

NR. 3

	14	5	20	2		11	30	27	2	1	16	7	32		A
17		21		27		5		5		31		15		8	B
20	31	3	5	27		21	28	28	11	32	13	32	32	5	D
15		29		5	21	3		21		2		21		22	F
11	4	16	1			21	20	20	5		14	20	31	1	G
5		1		32	10	20	5		24		5				I
7	5	6	6	5			17		24	5	4	32	5	1	K
5		21		4	8	5	20	29	5	1		18		16	M
27	19	20	11	4	5		31			6	5	3	21	20	O
			25		28		27	16	9	5		5		4	P
26	23	20	3		1	10	27	2			19	20	4	5	R
12		16		9		1		7	19	11		5		3	S
9	16	27	27	2	27	7	2	27		29	2	27	27	21	T
5		27		1		5		2		2		6		20	U
	28	5	27	32	5	27	2	20		17	20	2	3		V
															X
															Y
															Þ
															Æ
															Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 5 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er Ó til dæmis í reit merktum 10 og fer þá Ó í alla aðra reiti með því númeri. L er í reit númer 1 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 1 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 27-8-23-20-3-21-30 (í þessari röð)\*.

#### Lausnarorð

27	8	23	20	3	21	20
----	---	----	----	---	----	----

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númerið 1900.

\*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

**Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.**  
SMS-skeytið kostar 99 krónur.

#### Lausn nr. 1

S	F	U	G	L	M	A	R	G	L	Y	N	D
K	O	D	D	I	N	A	T	T	Ú	R	U	N
R	A	N	Ý	T	T	F	M	N				
A	K	R	A	S	Ó	S	A	R	H	A	U	G
N	L	R	Æ	L	T	Á	Á	Á				
S	K	E	R	T	Ó	K	A	L	L	A	R	
A	G	I	B	U	R	Ð	U	R	A	Á		
R	O	T	N	A	R	V	K	R	U	S	S	
L	Ó	S	T	N	Ó	L	Ó	F	A	T	A	
É	K	Ó	M	G	Ó	A	V	Ð				
S	K	E	G	J	A	Ð	A	S	V	E	R	I
T	L	N	K	Ð	N	G	R					
S	L	E	I	P	A	R	I	A	X	I	Ð	



Leystu krossgátuna! Þú gætir unnið þriggja mánaðar áskrift að Tónlist.is, stærsta tónlistarsafni landsins.

#### Vinningshafar krossgátunnar í síðustu viku voru:

Guðlaug Sverrisdóttir, Bjarni Gunnar Ásgeirsson, Jóhanna Friðbjörnsdóttir, Steinþór Michelsen og Matthildur Ragnarsdóttir.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK 5.48	13.27	21.08
AKUREYRI 5.26	13.12	21.01

Heimild: Almanak Háskólans

## FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**

Í dag er sunnudagur 17. apríl, 107. dagur ársins 2005.

### STÖRF Í BODI

- Innanhúsarkitekt
- Kennarar
- Hjúkrunarfræðingar sjúkra-liðar
- Trésmiðir
- Kranamenn
- Leikskólakennarar
- Félagsmálastjóri
- Þjónustufulltrúar
- Byggingarfræðingur
- Skólastjóri
- Verkstjórar
- Afgreiðsla
- Matartæknar
- Tækniteiknari
- Sumarstörf
- Heyrnarfræðingur
- Verkamenn
- Vélstjóri
- Lyfjateknir
- Þjónustumenn
- Markaðsfulltrúi
- Bífvélavirki
- Yfirmaður upplýsingardeildar
- Stöðvarstjóri
- Arkitekt
- Löglærður fulltrúi

### SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. 24

#### Flokkar

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

atvinna

Atvinnuástandið í sumar BLS. 2 | Fordómar hindra frama BLS. 2

Atvinnuleysi minnkar BLS. 3 | Er í skemmtilegu starfi BLS. 8

# allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS



Lárus skólameistari hefur gaman af að fylgjast með ungmennunum og blanda geði við þau.

## Fjölbreytnin gefur starfinu gildi

Lárus H. Bjarnason, skólameistari í MH, kann vel við sig innan um unglingana og gerir sér far um að umgangast þá. Hann er mikill velunnari skólakórsins og fer í flestar ferðir með honum.

„Maður telst vera allt í senn, framkvæmdastjóri, starfsmannastjóri og einhvers konar hugmyndafræðilegur forystusauður, þannig að verkefni eru margþætt,“ segir Lárus þegar hann er beðinn að lýsa starfinu sínu. Hann hefur verið skólameistari í MH frá árinu 1998 og kveðst hafa kennt þar með hléum frá 1982. „Ég fór í framhaldsnám á tímabilinu og gerðist aðstoðarskólameistari í Borgarholtsskóla 1996 en hélt þó áfram að kenna við Öldungadeildina í MH þannig að ég hef haldið tengslum við skólann ansi lengi,“ segir hann.

Stöku sinnum segist Lárus hafa sinnt forfallakennslu í stærðfræði eftir að hann tók við skólameistaraembættinu og nú síðustu

missirin verið með stúdentsefni í litlu lífsleikinámsskeiði. Hann vilji gjarnan vera í snertingu við krakkana og fylgjast með því sem þeir séu að gera en verði þó vissulega að finna meðalhóf í því. Hann er nýkominn úr þriggja daga ferðalagi með kórnum um Vesturland. „Kórinn er samofinn ímynd skólans og ég fer með honum í flestar ferðir enda er ég stoltur af að vera með þeim hópi,“ segir hann brosandí. En hvað telur hann ánægjulegast við starfið? „Ef ég á að nefna eitthvað eitt er það líklega sú athöfn að útskrifa stúdentana. Það er alltaf hátíðleg stund að sjá ungmennin stíga bjartsýn og glöð út í lífið og maður leikur sér að því að gera sér mynd af þeim í framtíðinni. Svo finnst mér líka gaman að fylgjast með störfum kennaranna. Almennt er það fjölbreytnin sem gefur starfinu mínu gildi og öll þessi mannlegu samskipti.“

Hann hlær þegar hann er í lokin spurður hvort hann sjái sig fyrir sér gamlan í þessu starfi – og svarar. „Ég hugsa nú ekkert óskaplega langt fram í tímann!“

gun@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU í atvinnu

### Reglur um titring

Reglur um titring og áhrif hans á vinnustöðum eru nú í undirbúningi hjá Vinnueftirliti ríkisins. Reglurnar byggja á tilskipun Evrópusambandsins og er hér um að ræða vinnu með titrandi vélar,



verkfæri eða áhöld og einnig störf þar sem starfsmenn sitja eða standa á titrandi undirlagi, svo sem í vinnuvélum eða flutningabilum. Töluvert heilsutjón getur orsakast vegna titrings og áhrifa hans á vinnustöðum og því nauðsynlegt að gæta öryggis starfsmanna vel.

### Að fyrirbyggja einelti eða aðra ótilhlýðilega háttsemi

á vinnustöðum er yfirskrift námskeiðs sem verður haldið á Hótel KEA á Akureyri á þriðjudaginn þar sem fjallað verður um reglugerð sem tók gildi 20. desember

um aðgerðir gegn einelti og þá þætti í skipulagi og framkvæmd vinnu sem geta leitt til eineltis og annarrar ósæmilegrar framkomu. Einnig verður fjallað um með hvaða hætti almennir starfsmenn geta unnið með þessa þætti en jafnframt verða verklagsreglur Vinnueftirlitsins í málefnum er varða einelti á vinnustöðum kynntar. Skráning á námskeiðið fer fram hjá skrifstofu Vinnueftirlitsins á Akureyri í síma 460 6800.

Samningar eru nú til umræðu hjá mörgum stéttarfélagum og hafa samningar náðst við starfsmenn Flugstöðvarinnar og Fríhafnarinnar. Stéttarfélagið Kjölur hefur einnig náð samningum við ríkið, sem og Starfsmannafélag Garðabæjar, en Starfsmannafélag Húsavíkur felldi samninga sína. Kjaradeilu SFR og Hjartaverndar hefur verið vísað til ríkissáttasemjara. Það er því líf og fjór í samningaviðræðum um land allt.

atvinna@frettabladid.is

## Sölumenn óskast í fyrirtækjapjónustu Office 1

Fyrirtækjapjónusta Office1 sér um faglega ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja.

Sölumenn fyrirtækjapjónustunnar eru ábyrgir fyrir að viðhalda og efla viðskiptasambönd, hámarka gæði sölu og þjónustu og jákvæða upplifun viðskiptavina.

Viðkomandi þarf að hafa góða almenna þekkingu á skrifstofuvörum og vera tilbúinn til að tileinka sér nauðsynlega nýja þekkingu til að geta veitt viðskiptavinum þá þjónustu sem þeir þarfnast hverju sinni.

Starfskröfur:

- Góð og almenn þekking á skrifstofuvörum
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum

Við leitum að jákvæðum einstaklingum sem hafa ánægju af samskiptum og þjónustu.

Viðkomandi þarf að vera metnaðargjarn og árangursdrifinn, skipulagður og vandvirkur og sýna gott frumkvæði!

Umsóknir með ferilskrá sendist á [hulda.helgadottir@office1.is](mailto:hulda.helgadottir@office1.is) fyrir 25. apríl 2005



Office 1 Superstore

## Yfirmaður upplýsingadeildar

### Starfssvið:

- Verkefnastjórnun innan deildar
- Þátttaka í stefnumótun og markmiðasetningu fyrir stofnunina
- Kostnaðareftirlit
- Ábyrgð og umsjón með verkefnum upplýsingadeildar
- Starfsmanna- og þjálfunarmál fyrir deildina

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í lyfjafraði eða skyldum greinum
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Gott vald á íslenski tungu og góð tölvukunnátta
- Góð kunnátta í ensku nauðsynleg, kunnátta í öðrum Evróputungumálum æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð þekking á lyfjamálum nauðsynleg og klínísk reynsla æskileg
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Metnaður til að ná árangri í starfi



Lyfjastofnun óskar eftir að ráða stjórnanda upplýsingadeildar. Yfirmaður deildarinnar mun vinna náð með forstjóra og öðrum stjórnendum Lyfjastofnunar að stefnumótun auk þess að bera faglega ábyrgð á hlutverki og verkefnum deildarinnar. Verkefni eru m.a. Sérlyfjaskrá, fagleg umsjón heimasíðu, klínískar lyfjarannsóknir og lyfjagát.

IMG  
MANNAFLI  
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir ([ragnheidur@img.is](mailto:ragnheidur@img.is)) og Sigrún Ýr Árnadóttir ([sigrun@img.is](mailto:sigrun@img.is)) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfræstur er til og með 1. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Laugavegi 170  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
[mannafli@img.is](mailto:mannafli@img.is)

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
[www.mannafli.is](http://www.mannafli.is)

**Eftirlaun** Sumir eru óvissir um hvað tekur við og hver réttindi þeirra eru þegar þeir fara á eftirlaun. Stéttarfélagin hafa boðið upp á sérstök námskeið fyrir fólk sem er að fara á eftirlaun sem reynast afar hjálpleg. Vert er að athuga með þessu námskeið hjá sínu stéttarfélagi.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Selma Árnadóttir hjá Vinnumiðlun ungs fólks segir þá sem eru 17 ára eiga erfiðast með að fá sumarstarf.

## Reynum að sinna öllum

**Fjöldi ungmenna sækir um störf hjá Vinnumiðlun ungs fólks á hverju sumri og er útlit fyrir að fleiri fái vinnu í ár en í fyrra.**

„Eins og ástandið er núna finnst mér það líta betur út núna en í fyrra,“ segir Selma Árnadóttir, forstöðukona Vinnumiðlunar ungs fólks í Reykjavík, um atvinnuástandið í sumar.

„Því miður eru það þó alltaf þau sem eru 17 ára sem standa út af borðinu því eftir að lögræðisaldurinn var færður upp í 18 er auglýst eftir fólki sem er 18 ára og eldra í sumarstörf á almennum vinnumarkaði. Auk þess geta þau

ekki fengið vinnu í Vinnuskólanum því hann er fyrir börn á aldrinum 14 til 16 ára,“ segir Selma.

Hún segir það þó vera á ábyrgð samfélagsins að taka á þessu máli og vonast til þess að fyrirtækin séu vakandi fyrir þessu vandamáli og ráði til sín yngra fólk í sumarvinnu.

„Við erum með ungt fólk á skrá frá 17 ára aldri og útdeilum því í sumarstörf til borgarstofnana eins og ÍTR, Gatnamálastofu og bókasafnanna svo dæmi séu tekin. Hins vegar eru sum störfin þess eðlis að sóst er eftir reynslu og ef um nægilegt vinnuafli er að ræða eru það frekar þeir eldri sem fá störfin,“ segir Selma. Hún

vill þó meina að þessar stofnanir frí sig ekki ábyrgð og séu meðvitaðar um nauðsyn þess að hleypa þeim yngri að.

Skráning hjá Vinnumiðlun ungs fólks lýkur 30. apríl næstkomandi og í lok maí hefur flestum störfum verið ráðstafað. „Það er opið hjá okkur allt árið um kring og í raun hægt að skrá sig hvenær sem er, en eftir þennan tíma eru líkurnar á að fá starf ekki miklar,“ segir Selma.

„Því miður fá aldrei allir vinnu en við gerum auðvitað okkar besta til að útvega sem flestum starf,“ segir Selma.

kristineva@frettabladid.is

### Öðruvísi störf

ÚTI UM ALLAN HEIM ERU TIL STÖRF SEM KOMA OKKUR KANNSKI SPÁNSKT FYRIR SJÓNIR.

Sums staðar í Japan eru gangbrautarverðir sem hjálpa fólki yfir götuna eins og gert er í skólum hér á landi, nema í Japan eru þessir gangbrautarverðir langt frá skólum og hugsa um öryggi fullorðins fólks á miklum umferðargötum.

Raunveruleikaþættir eru vinsælir úti um allan heim. Í sumum þáttum, sérstaklega í Bandaríkjunum, eru sérstakir rífrildisstjórar sem skapa aðstæður sem verða til þess að þátttakendur missi stjórn á sér og skapa rífrildi.

Golfkúlustjóri er viðurkennt starfsheiti, að minnsta kosti vestan hafs, en þeir sjá um að tína upp golfkúlur á golfvöllunum áður en spilarar mæta eldsnemma til að æfa sig á sveiflunni.

Það vita eflaust fáir hvað krumpumaður gerir. Hann straujar krumpur og fellingar úr skóm þegar þeir eru framleiddir svo þeir séu mjúkir og flottir þegar viðskiptavinir kaupa þá.

Sítrusávxaltitari sér um að gefa sítrusávxötum náttúrulegri lit með því að nota alls kyns efnir og gufu því ávextir eru oft tindir áður en þeir ná fullum þroska.



Sumir hafa í sig og á með því að vinna sem svuntuhreinsarar. Þeir þurfa að þvo öll óhreinindi sem slettast á svuntur kokka meðan þeir elda.

Lýktardómarar þefa af handarkrikum allan daginn svo þeir geti fundið upp svitalyktareyði sem eyðir allri lýkt.

## Atvinnuleysi minnkar

**Atvinnuleysi í mars var 2,6 prósent samkvæmt upplýsingum frá Vinnuálastofnun.**

Atvinnuleysi sem mældist 2,6% þýðir að um 3.800 manns að meðaltali hafi verið án vinnu í marsmánuði. Það er umtalsverð lækkun frá sama tíma á síðasta ári, þegar atvinnuleysi mældist 3,5 prósent.

Þessarar lækkunar atvinnuleysis gæti bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni nema á Austurlandi, þar sem atvinnuleysi stóð í stað. Atvinnu-

leysi hefur lækkað jafnt og þétt frá áramótum. Í janúar mældist það þrjú prósent, 2,8 í febrúar og nú 2,6 prósent.

Þegar búið er að taka tillit til árstíðabundinna þátta mældist atvinnuleysi 2,2 prósent af mannafla og þarf að fara aftur til ársins 2002 til að finna jafn lítið atvinnuleysi, eins og kemur fram á vefsíðu Alþýðusambands Íslands, asi.is.

Alls töldust 1.465 einstaklingar langtímaatvinnulausir í mars og hafði þeim fjölgað frá því í febrúar en þá voru þeir 1.411. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

Færri þurftu að fletta í gegnum atvinnuáuglýsingar í Fréttablaðinu í marsmánuði en mánuðinn á undan.

## Kynþáttafordómar hindra starfsframa

**Minnihlutahópar í Bretlandi fá minni starfsþjálfun en hvítir.**

Kynþáttafordómar á vinnustað koma í veg fyrir starfsframa margra breskra launþega ef marka má nýja skýrslu verkalyðsfélags þar í landi. Samkvæmt könnun félagsins kemur í ljós að starfsfólk sem tilheyrir minnihlutahópum fær að jafnaði minni starfsþjálfun en hvítir samstarfsmenn – þrátt fyrir að starfsfólk í minnihlutahópum hafi oft verið metið hæfara.

Um 31 prósent starfsfólks í minnihlutahópum hafði aldrei verið boðin þjálfun á mótí 29 prósentum hvíttra starfsmanna þótt 28 prósent starfsmanna í minnihlutahópum hafi verið með gráðu en aðeins 20 prósent hvíttra.

Í skýrslunni kemur einnig fram að karlmenn frá Bangladess koma verst út en aðeins 49 prósentum þeirra var boðin þjálfun



Minnihlutahópar fá minni starfsþjálfun í Bretlandi og er það rakið til kynþáttafordóma.

tengd vinnunni. Einnig átti fólk frá Pakistan í erfiðleikum með að komast í starfsþjálfun. ■



Vinna 6.000 starfsmanna er í hættu eftir að MG Rover fór á hausinn. Starfsmenn og fjölskyldur þeirra mótmæltu lokun verksmiðjunnar harðlega.

## Starfsmenn eygja von

„Það er erfiðara að semja tónverk fyrir börn að því leyti til að þau eru hreinskilnari og segja hreint út ef þeim leiðist. Maður er því ögn taugaveiklaðri þegar maður á von á dómi barna meðal hlustenda,“ segir tónskáldið og píanókennarinn Snorri Sigfús Birgisson sem samið hefur tónverk við smásöguna Stúlkan í turninum eftir Jónas Hallgrímsson. Tónverkið var samið að beiðni Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og verður frumflutt í Samkomuhúsinu á Akureyri í dag klukkan 16, í samstarfi við Leikfélag Akureyrar.

Snorri Sigfús segist ekki taka gagnrýni barna nærri sér. „Ég hef samið nokkur tónverk sem þau spila sjálf, en þetta er hið fyrsta fyrir börn sem hlustendur. Hvað sem börn segja er ánægjulegt því að þau eru eins og þau eru, hispurslaus og hreinskilin. Sjálfur er ég vonandi í meiri tengslum við heim barna sem kennari og opnari fyrir vikið, fæ óbeint hugmyndir og dygg ráð úr þeirra ranni, en það eykur skilning barna og vitund að heyrja sem mest af mismunandi músík.“



**SNORRI SIGFÚS BIRGISSON TÓN-SKÁLD** Snorri Sigfús segir sögu Jónasar skemmtilegt ævintýri, spennandi og dramatískt.

Á tónleikunum verða flutt nokkur lög úr söngleiknum Óli-ver, en aðgangur er ókeypis fyrir 20 ára og yngri. ■




KÍNVERSKAR VÍSDÓMSKÖKUR

## Tímalaus kökuþjófur

Kínverskur karl var handtekinn eftir að hafa ruplað kökum þrisvar sinnum á sama klukku-tímanum í sama bakaríni í Changhun. Maðurinn ruddist inn í bakaríð og heimtaði að starfsfólk gæfi honum kökusneið.

„Hann kom hingað vopnaður hnífi og sagði okkur að standa kyrr, tók tvær kökur og hljóp í burt,“ sagði bakarinn, sem þótti í fyrstu ástæðulaust að kalla til lögreglu vegna minniháttar skaða.

Eftir tíu mínútur kom þjófurinn aftur og stal tveimur kökum til viðbótar. Hringdi þá bakarinn í lögreglu, sem var mætt á staðinn hálf tíma síðar þegar þjófurinn birtist á ný. Í fyrstu þóttist hann vera útlendingur, en viðurkenni að lokum að vera glorsoltinn.



“Árúljósmyndun og túlkun litanna. 15 ára reynsla og þekking.

Guðný”



Reykjavíkurvegur 62  
og Sími 565-2233

# ÁRSFUNDUR LÍFEYRISSJÓÐS SJÓMANNA

Ársfundur Lífeyrissjóðs sjómanna 2005 verður haldinn á Grand Hótel, Reykjavík, miðvikudaginn 27. apríl 2005 kl. 15.00.

## Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Samrunasamningur við Lífeyrissjóðinn Framsýn og tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins. Meginefni tillagnanna er að sjóðirnir sameinist frá og með 1. júní 2005 og taki frá sama tíma upp nýtt aldurstengt réttindakerfi. Kynningargögn er hægt að nálgast á skrifstofu sjóðsins og heimasíðu, [www.lifsjo.is](http://www.lifsjo.is), þ.m.t. samrunasamning og tillögur að nýjum samþykktum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Að loknum ársfundinum verður haldinn stofnfundur nýja sjóðsins og hefst hann kl. 18.00 þennan sama dag, enda hafi ársfundur beggja sjóðanna samþykkt samrunasamninginn.

Reykjavík 15. apríl 2005,  
Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna.



Lífeyrissjóður  
sjómanna

Þverholt 14 • 105 Reykjavík  
Sími 520 5100 • Fax: 562 1940  
[www.lifsjo.is](http://www.lifsjo.is) • [lifsjo@lifsjo.is](mailto:lifsjo@lifsjo.is)

**HYUNDAI**  
hefur gæðin

# Bíll ársins

» Hyundai Tucson  
Verð frá kr. 2.320.000



Í FLOKKI JEPPA OG JEPPLINGA



Hyundai Tucson CRDi-Disel, sjálfskiptur.  
Verð kr. 2.680.000  
Bílasamningur kr. 35.900 á mánuði.  
m.v. 10% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla\*.

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 [www.bl.is](http://www.bl.is)



Með bílinn handa þér

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílaskrá Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanessbæ sími 421 4444  
Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bílaleiga Húsavíkur sími 464 1888

Bíll á mynd: Hyundai Tucson 2.0 diesel, 18" álfélagur, samlitur, krémþak, krómstíli og vindkjúfasett.  
\*Mánaðargreiddur miðast við bílasamning lýsingar til 84 mánaða egi 1. júlí 2005. Greiðum úr þann gamla 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

# Sagan er eldfim

Þráfaldlegar iðrunaryfirlýsingar Japana vegna grimmdarverka keisarahersins á fyrri helmingi tuttugustu aldar hafa ekki dugað til að eyða tortryggni Kínverja og Kóreumanna í þeirra garð. **Auðunn Arnórsson** blaðamaður rekur hér orsakirnar fyrir þeim deilum sem ógna nú uppbyggilegum samskiptum asísku stórhjóðanna.

**F**rá því að Alþýðulýðveldið Kína og Japan tóku upp stjórnmálasamband árið 1972 hafa forsætisráðherrar og keisari Japans beðið Kínverja alls sautján sinnum afsökunar á framferði japanska hersins í Kína á fjórða og fimmta áratug tuttugustu aldar. Japanska þingið samþykkti fyrir sjö árum skriflega afsökunarbeiðni til Kóreumanna vegna harkalegrar nýlendustjórnar Japana á Kóreuskaganum á tímabilinu 1910-1945. En allar iðrunaryfirlýsingar Japana hafa ekki dugað til að sannfæra suma, sérstaklega Kínverja, um að hugur fylgi máli. Því hafa tvær stærstu grannþjóðir Japana verið ofurviðkvæmar fyrir öllu sem hægt er að túlka sem skort á sannri iðrun af þeirra hálfu yfir syndum feðranna.

## Lýðræðisleg skólabókagerð

Í ljósi þess hversu þekkt stærð þessi viðkvæmni Kínverja og Kóreumanna er hafa margir undræzt þá ákvörðun japanskra stjórnvalda að heimila að bækur eftir þjóðernissinnaða sagnfræðinga, þar sem hlut Japana í atburðum stríðsáranna er lýst með alljávæðum hætti, væru notaðar sem kennslubækur í japönskum skólum. Shinako Tsuchiya, sem á sæti í utanríkisráðgjafi japanskra þingsins og er formaður í stefnumótunarnefnd stjórnarflokkssins LDP í utanríkisráðgjafi, hafði skýringu á þessu á reiðum höndum er Fréttablaðið innti hana álit, en hún flutti erindi á málþingi til heiðurs Vigdísar Finnbogadóttur í Háskóla Íslands á fimmtudag.

Að sögn Tsuchiya ritstýrir ríkisstjórnin í Japan ekki námsbókagerð í landinu, ólíkt því sem tíðkast í einsflokksríkinu Kína. Einkaaðilar sjá um alla slíka námsgagnagerð. Ef námsgagnin uppfylla tiltekin skilyrði eru þau tekin inn á lista yfir gögn sem kennarar í skólum landsins geta valið til notkunar í kennslu. Þetta segir Tsuchiya að sé mjög gegnsætt og lýðræðislegt kerfi, sem ekki standi til að breyta. Reyndar mun það vera svo að innan við eitt prósent japanskra kennara kjósi að nota þessar umdeildu kennslubækur. Í kínverskum kennslubókum skortir ekkert á lýsingar á þjáningum Kínverja undir herinámi Japana en saga kínverska

kommúnistaflokksins hins vegar mæð á alla vegu.

Í fréttaskýringu brezka vikuritsins Economist er það harmað að Japanar, Kínverjar og Kóreumenn skuli ekki hafa borið gæfu til að setja á fót ámóta nefnd og fransk-þýzku skólabókaneftndina, sem tók til við það fljótlega eftir síðari heimsstyrjöld að reyna að samræma það hvernig hin sársaukafulla sameiginlega saga grannþjóðanna væri kennd næstu kynslóðum. Spurð um þetta segir Tsuchiya að sameiginleg sagnfræðinganeftnd Japana og Kínverja sé reyndar þegar til, en skammt sé síðan hún var sett á fót og hún eigi erfitt með að starfa af skilvirkni þegar andrúmsloftið er svo spennu þrungið.

## Kynt undir and-japönskum múgæsingi?

Fréttaskýrendur hafa bent á að hinir miðstýrðu ríkisfjölmiðlar Kína hafi beinlínis kynt undir reiðinni meðal kínversks almennings yfir því sem Kínverjar álíta vera sögufalsanir Japana og kínversk stjórnvöld lagt þar einnig virka hönd á plóg með því að heimila aldrei þessu vant fjöldamótmæli sem náðu hámarki um síðustu helgi, er æstur múgur safnaðist að japanska sendiráðinu í Peking og grýtti það með steinum, flöskum og eggjum svo að rúður brotnuðu. Þetta voru mestu fjöldamótmæli í Kína frá því árið 1999, er loftárásir NATO vegna Kosovostríðsins stóðu yfir og sprengjur lentu á kínverska sendiráðinu í Belgrad. Mótmæli af þessu tagi fóru fram í mörgum borgum Kína, þar sem mótmælendur hrópuðu and-japönsk vígurð og hvöttu til þess að japanskar vörur yrðu sniðgengnar.

Viðskiptaráðherra Japans leyfði sér að ýja að einmitt þessu – að kínversk stjórnvöld hafi beinlínis kynt undir hinum and-japönskum æsingi – er hann sagði í vikunni að þessi atburðarás í Kína vekti óhug. Kínverski forsætisráðherra, Wen Jiabao, lét hins vegar svo ummælt að Japönnum væri nær að „horfast í augu við söguna undanbragðalaust“. Fyrr væri þeim ekki treystandi til að „axla nýja ábyrgð á alþjóðavettvangi“, en þessi síðustu ummæli ráðherrans skildu flestir þannig að hann teldi vafasamt að Japanar ættu er-



DEILT UM SÖGUBÆKUR Kínverskur hermaður við bókaskúlpúr fyrir utan námsbókabúð í Peking í vikunni.

indi í varanlegt sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, sem Japansstjórn sækist eftir. Kína er nú eina Asíuríkið sem á slíkt neitunarvaldssæti í ráðinu, en Kínastjórn hefur hingað til ekki beitt sér opin-skátt gegn því að Japan verði eitt þeirra ríkja sem fái slíkt sæti er fyrirhugaðar breytingar verða gerðar á Öryggisráðinu.

Undir vikulokin hafði kínverska ríkisfréttastofan Xinhua eftir Cui Tiankai að Kínastjórn væri að „reyna að kæla niður reiðina í fólk og hefði skorað á það að forðast öfgafullar aðgerðir“. „Tjá-ið heitar tilfinningar til föðurlandsins með viðeigandi hætti. Hlýðið lögunum. Virðið reglu,“ segir í smáskilaboðum sem lögreglan í Shanghai sendi farsímanotendum í borginni.

Það er þó fleira en skólabókadeilan sem spillir samskiptum asísku stórhjóðanna. Ágreiningur um yfirráð yfir smáeyjum og legu efnahagslögsögumarka trufla þau einnig.

Utanríkisráðherra Japans, Nobutaka Machimura, fer til Peking nú um helgina til að eiga viðræður við kínverska ráðamenn og reyna að koma á ró í samskiptum þjóðanna.

## Hagsmunir hindra að deilan versni

Þetta er alvarlegasta deila sem komið hefur upp milli Kína og Japans frá því að stjórnmálasam-




SHINAKO TSUCHIYA Bendir á að í lýðræðislegu stjórnkerfi Japans ritstýri stjórnvöld ekki kennslubókum.

bandið var tekið upp fyrir 33 árum. En fréttaskýrendur eru fæstir trúaðir á að þessi deila verði til að spilla tengslunum lengi. Gagnkvæmir efnahagslegir hagsmunir séu orðnir svo miklir að þeir muni hindra að það gerist. Japanskar fjárfestingar í Kína nema nú sem svarar um 17.000 milljörðum króna í um 20.000 fyrirtækjum. Í fyrra varð Kína að stærsta viðskiptalandi Japans í stað Bandaríkjanna.

Lykilinn að farsælli framtíð kínversk-japanskra samskipta sér þingmaðurinn Tsuchiya einnig í efnahagstengslunum. „Bæði Kína og Japan eiga svo mikið undir þessum tengslum að það er vart annað hugsanlegt en að við leysum þennan ágreining farsælega,“ segir hún. Framtíðarsýn hennar sé sú að löndin sameinist um nánara efnahagssamstarf sem muni skapa stærsta efnahagssvæði heims.

## Deilur í austurvegi

Ósamkomulag Japana og Kínverja um gaslindir í Austur-Kínahafi eru hluti af einhverri harðvítugustu deilu ríkjanna í áratugi.







# Fljótvirkt bólgueyðandi verkjalyf

**m.a. við tíðaverkjum**  
Inniheldur engin ávanabindandi efni



Fæst án  
lyfseðils

## **VoltarenDolo**®

**Díklófenak-K 12,5 mg**

**Voltaren Dolo® ( díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur.** Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaprautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalísýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

# Fjórar á framabraut

Í gær var hönnunarverslunin Þjúra opnuð að Ingólfsstræti 8. Að versluninni standa fjórir frískir fatahönnuðir sem opnuðu verslunina til að láta drauminn sinn rætast. **Marta María Jónasdóttir** hitti þær yfir tei og skonsum hjá Frú Fiðrildi en Þjúra er í sama húsi.

**H**ildur Hinriksdóttir, Íris Eggertsdóttir og Elín Arnásdís og Kolbrún Ýr Gunnarsdætur ákváðu að taka höndum saman og elta drauminn sinn. Þær hanna hver sína línuna og er fjölbreytileikinn allsráðandi, allt frá fyrirburafötum upp í óléttufatnað. Á milli eru svo skvísuleg fót fyrir konur á öllum aldri. Allar hafa þær selt hönnun sína annars staðar en þeim fannst vera kominn tími til að taka næsta skref og verða sjálfstæðar. Með því að vera fjórar saman sáu þær fram á að það væri hægt. Hildur hefur hannað undir merkinu HIN og þá aðallega húfur og barnafatnað. Auk þess starfar Hildur fyrir Íslensku Óperuna sem yfirmaður framleiðslusviðs. Elín, sem er kennari að mennt, er á rómantísku nútunum og hannað undir nafninu elina. Krúttlegur fyrirburafatnaður er hennar sérsvið en hún hannað líka dásamlega kjóla sem hún nostrar við. Sú þriðja í hópnun, Íris, byrjaði upphaflega að sauma á sig vegna þess að hún átti svo erfitt með að fá á sig fót vegna hæðar sinnar. Síðan fór hún að sauma á vinkonur sínar og áður en hún vissi af var hún farin að framleiða og selja. Nú hannað hún undir

nafninu Krúsílfus. Hún notar aðallega náttúruleg efni sem hún litar og prentar á. Textílkennarinn Kolbrún Ýr hefur hannað undir merkjunum Kow, K-design og hiK. Hún er með tískufatnað og meðgöngufatnað. „Þegar ég varð ólétt fór ég að sauma á mig því mér fannst ekki til neitt smart. Það þróaðist þannig að ég fór að selja í versluninni Dixie sem fékk svo nafnið Oni. Ég nota mikið af stroffum og legg mikið upp úr þægilegum fötum. Ég þoli ekki óþægileg fót sem klípa mann. Svo finnst mér skipta miklu máli að skreyta nógu mikið,“ segir Kolbrún, sem er í óða önn að hekla dúllur úr gullgarni meðan viðtalið fer fram.

## Svala sköpunarþörfinni

Í Ingólfsstrætinu hefur myndast skemmtilegt samstarf því gengið er inn í Þjúra frá Frú Fiðrildi, sem er bæði testofa og verslun með fallegar heimilissvörur. Þessi skemmtilega blanda minnir á sjarmerandi hlíðargötur Strikisins í Köben. „Við hugsum þetta líka þannig. Þegar haldið er í verslunarmiðstöðvarnar fer maður þangað eingöngu til að versla. Í miðbænum er hins vegar



**MARGRÍÐ PEKKA HÚFURNAR** hennar Hildur Hinriksdóttur en hún hannað undir merkinu HIN.

annað uppi á teningnum og sjáum við það í hillingum að geta fengið sér hressingu hjá Frú Fiðrildi um leið og maður drekkur í sig íslenska hönnun og dáist að dönsku heimilisskrauti. Við ætlum að vona að þetta lifgi upp á miðbæinn,“ segja stelpurnar hressar í bragði og bæta við: „Við erum fjórar konur á besta aldri sem erum með okkar frama. Við sinnum allar öðrum störfum en að skapa og hanna er okkar draumur. Okkur dreymir ekki um að brjótast út á alþjóðamarkað heldur gerum við þetta eingöngu til að svala sköpunarþörfinni,“ segir Hildur. Hinar taka undir og bæta við að það sé margt að gerast hjá íslenskum hönnuðum. Stelpurnar í Þjúra leggja áherslu á að stilla verðinu í hóf. „Íslenskir hönnuðir eru að vinna fyrir skítakaup. Við erum samt tilbúnar að gera það svo kunninn sé glaður. Við erum allar á móti því að buxur kosti 40 þúsund krónur,“ segir Hildur og Íris tekur í sama streng. „Mér finnst mikilvægt að geta keypt sér íslenska hönnun án þess að þurfa að svelta.“

**TILBÚNAR Í SLAG-INN** Hönnuðirnir Hildur, Íris, Kolbrún og Elín í tei hjá Frú Fiðrildi.



**BLEIKT OG VÆNT** eftir Íris Eggertsdóttur sem hannað undir merkinu Krúsílfus.

**HÖNNUN** Kolbrúnar Ýr Gunnarsdóttur. Hún hannað undir merkinu Kow.

**TOPPUR OG PILS** eftir Elínu Arnásdís Gunnarsdóttur sem hannað undir merkinu elina.



## Áheyrnarpróf fyrir leikara

**Í Þjóðleikhúsinu þri. 26/4 kl. 16:15 og mið. 27/4 kl. 16:15**

Hver þátttakandi hefur 10 mínútur til ráðstöfunar og getur nýtt þann tíma að eigin vild (leikur, söngur, dans).

Áhugasamir geta skráð sig með því að senda tölvupóst á [hlin@leikhusid.is](mailto:hlin@leikhusid.is) eða með símtali í s. 585 1231. Taka þarf fram nafn, símanúmer og netfang. Nánari upplýsingar er að finna á [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)



## Þetta er ekki klámmynd

Kieran O'Brien, aðalleikari 9 Songs, er staddur hér á landi í sambandi við IIFF-kvikmyndahátíðina. Hann segir myndina hafa reynt á sig andlega, ekki vegna kynlífsatriðanna heldur handritsleysis.

O'Brien er viðkunnlegur Englendingur af írskum uppruna, alinn upp í Manchester en er dyggur aðdáandi Liverpool. Hann talar af ástríðu um myndina og ekki síður um leikstjóran. „Þú átt örugglega eftir að heyra nafnið Mickey oft,“ segir O'Brien og bætir við að hann sé sennilega eini maðurinn sem fái að kalla leikstjóran Michael Winterbottom það.

Opinskáur kynlífsatriðin í myndinni hafa vakið einna mesta athygli og O'Brien segist skilja það upp að vissu marki. „Þetta er engu að síður ástarsaga og þegar þú ætlar að sýna ást tveggja einstaklinga, er þá hægt að gera það eitthvað betur en með ástaratlotum?“ segir O'Brien og bætir við að eini tilgangur klámmynda sé að örva einstaklinginn kynferðislega. „Það er ekki tilgangur myndarinnar. Ef fólk heldur það þarf það að skoða sinn gang. Við erum bara að sýna það sem fjöldi fólks gerir dags daglega.“

## Fékk tilboðið í gegnum textaskilaboð

O'Brien hefur áður unnið með Winterbottom í myndum á borð við 24 Hour Party People. Hann segist þó aldrei hafa fengið tilboð um hlutverk á jafn undarlegan hátt. „Mickey sendi mér textaskilaboð með stuttum texta: Hvað ert þú að gera næstu þrjú mánuðina?“ Hann segist hafa vaknað hálf-timbraður eftir að hafa verið úti á lífinu, lesið skilaboðin og velt því fyrir sér hvað hafi vakað fyrir Winterbottom. „Fyrsta hugsun var sú að hann ætlaði að launa mér lambið gráa fyrir tap Blackburn, sem er liðið hans, fyrir Liverpool,“ segir O'Brien og hlær. Hann brá sér út fyrir til þess að hressa sig aðeins við og hringdi í Winterbottom. „Samtalið var mjög stutt. Hann sagðist ætla að taka upp mynd í London og á Suðurskautslandinu. Þetta væri ástarsaga og hann ætlaði sér að taka upp alvöru kynlífsatriði. Spurði mig svo hvernig mér litist á.“ Eftir að hafa ráðfært sig við bróður sinn og umboðsmann lét hann slag standa og sér ekki eftir því. „Ég treysti Winterbottom og þegar ég sá myndina hugsaði ég: Winterbottom er snillingur.“



**KIERAN O'BRIEN, AÐALLEIKARI 9 SONGS** Er að leika í Hollywood-mynd um knattspyrnu og leikur í nýjstu mynd Winterbottom, A Cock and Bull Story.

## Ekkert handrit

Ekkert handrit er til að myndinni og segir O'Brien það hafa reynt mjög á sig andlega. „Ég gat aldrei búið mig undir næstu reynslu,“ segir O'Brien og segist í flestum tilvikum hafa átt góðar stundir en sumar aðstæðurnar hafi verið full sýrealískar. „Það gat stundum verið broslagt að standa nakinn fyrir framan kvikmyndatökuliðið og eiga að fara að stunda kynmök. Suma dagana langaði mann ekki neitt.“ Senurnar af rokktonleikum voru ekki í upphaflegri hugmyndinni, Winterbottom kom með þá hugmynd eftir tíu vikna tökur. „Þetta var skemmtilegasti tíminn fyrir mig en að sama skapi erfiður fyrir Winterbottom. Ég lét mig stundum hverfa á barinn til þess að fá mér bjór,“ segir hann og hlær.

O'Brien segir myndina ekki hafa haft neikvæð áhrif á feril sinn, þvert á móti. „Þegar þú hefur leikið í mynd hjá jafn virtum leikstjóra og Winterbottom vita allir hvað þú hefur verið að gera. Svo getur líka vel verið að ég endi á McDonald's og steiki franskar, þá máttu bara hringja og segja að ég hafi haft rangt fyrir mér.“

[freymgija@frettabladid.is](mailto:freymgija@frettabladid.is)



# Beint flug til Mexico við Karabíska hafið

með Trans-Atlantic, 13 nætur og 14 dagar.

## Ótrúleg tilboðsverð

Heillandi menning Maya indíána – pýramídar, óviðjafnanleg endalaus hvít strönd, kristaltær sjórin, næst stærsta kóralrif heims, næturlíf, verslanir, skemmtigarðar, ævintýraferðir og þjóðgarður með fjölbreyttu dýralífi t.d.krókódílar, apar og jagúar.

**Verðdæmi - Brottfarir:**  
25. maí uppselt  
8. og 22. júní takmarkað sætamagn

### Carmen Inn

3 stjórnur

2ja manna herbergi **95.775 kr.**

Barn 2-11 ára **78.354 kr.**

*Innifalið flug gisting, rúta til og frá flugvelli og flugvallarskattar.*

### Real Playa Del Carmen

4 stjórnur - Allt Innifalið

2 manna herbergi **116.800 kr**


Barn 2-11 ára **85.354 kr.**

*Innifalið: Flug, skattar, gisting, rúta til og frá flugvelli, flugvallarskattur. Allur matur og innlendir drykkir.*

*Fjölbreytt skemmtidagskrá, kvöldsýningar(show).*

*Þá má nefna tennis, blak og siglingar.*

Flugsæti með sköttum **69.320 kr.**



Trans - Atlantic

Nánari upplýsingar í síma 588 8900 • [www.transatlantic.is](http://www.transatlantic.is)






## Aðal leikur dagsins

### Oddaleikur ÍBV og Stjórnnarr

Fyrstu tvær viðureignir liðanna unnust með einu marki, oddaleikurinn átti að fara fram í gær en seinkaðist um sólarhring, og er því spennan að nálgast suðupunkt hjá liðunum tveimur. Búast má við miklum baráttuleik í Eyjum í dag.

**sport**  
sport@frettabladid.is



# 60 MEÐ JÓNI ARNÓRI

Hvor er betri íþróttamaður, þú eða Óli bróðir? Eggert.

Hvaða liði myndirðu aldrei spila með? ÍR.

Mavericks eða KR? KR.

Benni Gumm eða Don Nelson? Benni Gumm.

Hver er erfiðasti andstæðingurinn? Nash.

Hver er bestur í NBA í dag? Nash.

Kyntákn eða körfuboltamaður? Körfuboltamaður.

Ertu milljónamæringur? Pass.

Kók eða pepsí? Kók.

Kaffi eða te? Te.

Rússneskar, bandarískar eða íslenskar stelpur? Íslenskar.

Sóma eða Júmbó samlokur? Júmbó.

Nike eða Adidas? Reebok.

Er glasið hálfullt eða hálfómt? Ómt.

Bjór eða rauðvín? Bjór.

Evrópumeistari með Petersburg eða Norðurlandameistaramestari? Norðurlandameistari.

Man. United eða Arsenal? Liverpool.

Celtics eða Lakers? Bulls.

## > Við hrósum ...



... Heiðari Helguson, knattspyrnumanni hjá Watford, fyrir vaska frammistöðu gegn Rotherham í ensku 1. deildinni, en hann skoraði sigurmark leiksins á 32 mínútu, réttur maður á réttum stað eftir hornspyrnu.

## > Við tökum hattinn ofan..

...fyrir Auðunni Jónssyni kraftlyftingamanni, sem setti hvert metið á fætur öðru á Íslandsmótinu í kraftlyftingum sem fram fór í gær. Hann varð t.a.m. fyrsti Íslendingurinn til að taka 300 kíló í bekkpressu og setti auk þess Norðurlandamet í hnébeygi.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

14 15 16 17 18 19 20

### Sunnudagur

#### LEIKIR

- 15.00 Víkingur og Þór Ak. mætast í deildarþikar karla í fótbolta.
- 17.00 Breiðablik og Valur mætast í Egilshöll í deildarþikar kvenna.

#### SJÓNVARP

- 12.45 Enskí bikarinn á Sýn. Beint frá leik Man. United og Newcastle í ensku bikarkeppninni í fótbolta.
- 13.00 Enskí boltinn á Skjá einum. Beint frá leik Birmingham og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.
- 15.00 Ítalski boltinn á Sýn. Beint frá leik Siena og AC Milan í ítölsku A-deildinni í fótbolta.
- 16.50 Spænski boltinn á Sýn. Beint frá leik Levante og Real Madrid í spænsku fótboltanum.
- 18.00 Spænski boltinn á Sýn. Beint frá leik Barcelona og Getafe í spænsku 1. deildinni í fótbolta.
- 21.00 NBA-boltinn á Sýn. Beint frá leik Miami Heat og Indiana Pacers í NBA-deildinni í körfubolta.

# Arsenal komið í bikarúrslitaleikinn

Robert Van Persie skoraði tvö mörk í 3-0 sigri Arsenal á Blackburn. Bolton vann enn einn sigurinn og komst upp fyrir Liverpool í töflunni eftir 2-2 jafntefli Liverpool og Tottenham.

**FÓTBOLTI** Leikmenn Blackburn tóku vel á leikmönnum Arsenal á Þúsaldarleikvangnum í Cardiff. Arsenal gerði sitt besta til að leika knattspyrnu í leiknum gegn óðum mótherjum sínum og þó það heppnaðist kannski ekki sem skyldi hafði liðið öruggan 3-0 sigur og er komið áfram í Úrslitaleikinn. Það var Robert Pires sem kom Arsenal á bragðið í fyrri hálfleik, en hinn ungi Robin van Persie bætti við tveimur mörkum á lokamínútunum.

Arsene Wenger, knattspyrnu-stjóri Arsenal, var afar sáttur við að vera kominn í úrslitaleikinn. „Við vissum að þeir yrðu fastir fyrir í leiknum og sú varð raunin. Það var gott að fá mark snemma, en ég var ekki í rönni fyrr en við bættum öðru við. Mér fannst Blackburn-menn fá að leika ansi fast í leiknum, en dómari tók á því í síðari hálfleiknum og fór að spjalda þá og þá skánaði þetta aðeins,“ sagði Wenger.

Nokkrir leikir fóru fram í Úrvalsdeildinni í gær og þar bar hæst að lið Liverpool tapaði dýrmætum stigum á heimavelli sínum þegar liðið gerði 2-2 jafntefli við sprækt lið Tottenham Hotspur. Fyrirliði liðsins, Steven Gerrard, misnotaði vítaspyrnu í leiknum og því hafa möguleikar liðsins á sæti í Evrópukeppninni að ári farið minnkandi. „Everton er í góðri stöðu núna, en við verðum að fara að vinna leiki og það strax,“ sagði Rafa Benitez, sem gerði fjölmargar breytingar á liði sínu frá Evrópuleiknum í vikunni.

Bolton Wanderers er hins vegar á mikilli siglingu þessa dagana og í gær vann liðið gríðarlega mikilvægan sigur á liði Charlton á útivelli, 1-2. Liðið er nú komið upp fyrir Liverpool á töflunni og situr í fimmta sæti deildarinnar. „Við eigum leik við þá í síðustu umferðinni og við ætlum okkur í Evrópukeppnina,“ sagði Sam Allardyce, stjóri Bolton.

baldur@frettabladid.is



**TVÖ MÖRK FRÁ VAN PERSIE** Hollendingurinn Robin van Persie fagnar hér öðru marki sinna gegn Blackburn í undanúrslitunum bikarkeppinnar í gær. Van Persie kom inn á sem varamaður og gulltryggt sigurinn með tveimur mörkum í lokin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### Enska bikarkeppnin

**ARSENAL-BLACKBURN** 3-0  
1-0 Robert Pires (42.), 2-0 Robin van Persie (86.), 3-0 Robin van Persie (90.).

### Enska úrvalsdeildin

**CHARLTON-BOLTON** 1-2  
0-1 Jay-Jay Okocha (víti 7.), 1-1 Francis Jeffers (29.), 1-2 El-Hadji Diouf (58.).  
**CRYSTAL PALACE-NORWICH** 3-3  
1-0 Joonas Kolkka (5.), 1-1 Dean Ashton (22.), 1-2 Dean Ashton (45.), 1-3 Leon McKenzie (53.), 2-3 Michael Hughes (73.), 3-3 Andrew Johnson (víti 83.).  
**FULHAM-MAN. CITY** 1-1  
0-1 Claudio Reyna (20.), 1-1 Luis Boa Morte (76.).  
**LIVERPOOL-TOTTENHAM** 2-2  
0-1 Erik Edman (12.), 1-1 Sanz Luis Garcia (44.), 1-2 Robbie Keane (55.), 2-2 Sami Hyypiä (63.).  
**SOUTHAMPTON-ASTON VILLA** 2-3  
1-0 Kevin Phillips (4.), 2-0 Peter Crouch (13.), 2-1 Carlton Cole (55.), 2-2 Nolberto Solano (70.), 2-3 Steven Davis (72.).  
**BIRMINGHAM-PORTSMOUTH** 0-0

### STADAN

CHELSEA	32	25	6	1	62-12	81
<b>ARSENAL</b>	<b>32</b>	<b>21</b>	<b>7</b>	<b>4</b>	<b>73-33</b>	<b>70</b>
MAN. UTD	32	19	10	3	48-19	67
<b>EVERTON</b>	<b>32</b>	<b>16</b>	<b>6</b>	<b>10</b>	<b>39-33</b>	<b>54</b>
BOLTON	33	15	7	11	43-37	52
<b>LIVERPOOL</b>	<b>33</b>	<b>15</b>	<b>6</b>	<b>12</b>	<b>46-34</b>	<b>51</b>
TOTTENH.	33	13	8	12	41-37	47
<b>MIDDLESB.</b>	<b>32</b>	<b>12</b>	<b>9</b>	<b>11</b>	<b>45-43</b>	<b>45</b>
A. VILLA	33	12	9	12	41-42	45
<b>CHARLTON</b>	<b>33</b>	<b>12</b>	<b>8</b>	<b>13</b>	<b>40-50</b>	<b>44</b>
MAN. CITY	34	10	11	12	39-37	41
<b>NEWCAST.</b>	<b>31</b>	<b>9</b>	<b>11</b>	<b>11</b>	<b>41-49</b>	<b>38</b>
BIRMINGH.	32	9	10	13	35-39	37
<b>BLACKB.</b>	<b>32</b>	<b>8</b>	<b>12</b>	<b>12</b>	<b>28-37</b>	<b>36</b>
FULHAM	32	9	7	16	38-52	34
<b>PORTSM.</b>	<b>32</b>	<b>9</b>	<b>7</b>	<b>16</b>	<b>37-51</b>	<b>34</b>
WBA	32	5	13	14	31-52	28
<b>SOUTH.</b>	<b>33</b>	<b>5</b>	<b>12</b>	<b>16</b>	<b>36-54</b>	<b>27</b>
C. PALACE	33	6	9	18	36-57	27
<b>NORWICH</b>	<b>33</b>	<b>4</b>	<b>12</b>	<b>17</b>	<b>35-66</b>	<b>24</b>

Heiðar Helguson skorði sigurmark Watford er liðið lagði Rotherham, 1-0, í ensku Championship deildinni. Brynjar Björn Gunnarsson lék, rétt eins og Heiðar, allan leikinn með Watford.

Gylfi Einarsson, sem er nýstígnur upp úr

meiðslum, var í byrjunarliði Leeds en liðið gerði jafntefli við QPR á útivelli, 1-1.

Bjarni Guðjónsson var ekki í leikmannahópi Plymouth sem tapaði gegn Stoke, 2-0. Þórður Guðjónsson, bróðir Bjarna, var ekki í hópnum hjá Stoke.

Jóhannes Karl Guðjónsson var í byrjunarliði Leicester sem tapaði gegn Wigan, 2-0.

Ívar Ingimarsson, sem er illa haldinn af kvefi þessa dagana, var á bekknum hjá Reading sem vann Nottingham Forest, 1-0.

### Þýska 1. deildin

**GLADBACH-MAINZ** 1-1  
1-0 Oliver Neuville (51.), 1-1 Michael Thurk (90.).  
**HANNOVER-BAYERN MÜNCHEN** 0-1  
0-1 Owen Hargreaves (90.).  
**DORTMUND-BIELEFELD** 1-1  
1-0 Florian Kringe (15.), 1-1 Isaac Boakye (87.).  
**FREIBURG-LEVERKUSEN** 1-3  
0-1 Bernd Schneider (25.), 1-1 Alexander Iashvili (37.), 1-2 Dimitar Berbatov (66.), 1-3 Dimitar Berbatov (81.).  
**WERDER BREMEN-H. BERLIN** 0-1  
0-1 Marcelo Marcelino (31.).  
**SCHALKE-HAMBURGER** 1-2  
1-0 Gerald Asamoah (4.), 1-1 Raphael Wicky (61.), 1-2 Emile Mpenza (87.).  
**HANSA ROSTOCK-STUTTGART** 2-1  
1-0 Marchus Alback (39.), 1-1 Jeronimo Baretto Cacau (46.), 2-1 Rade Prca (74.).

### STADÁ EFSTU LIÐA

BAYERN	29	19	5	5	55-26	62
<b>SCHALKE</b>	<b>29</b>	<b>18</b>	<b>2</b>	<b>9</b>	<b>46-35</b>	<b>56</b>
STUTTGART	29	16	6	7	52-33	54
<b>W. BREMEN</b>	<b>29</b>	<b>15</b>	<b>5</b>	<b>9</b>	<b>58-32</b>	<b>50</b>
HERTHA	29	13	11	5	51-27	50
<b>HAMBURG</b>	<b>29</b>	<b>15</b>	<b>2</b>	<b>12</b>	<b>51-46</b>	<b>47</b>
L'KUSEN	29	13	7	9	50-37	46
<b>DORTM.</b>	<b>29</b>	<b>11</b>	<b>9</b>	<b>9</b>	<b>36-38</b>	<b>42</b>

### Ítalska A-deildin

**MESSINA-UDINESE** 1-0  
1-0 Ivica Iliev (60.).

### Deildabikar karla

**GRINDAVÍK-ÞÓR AKUREYRI** 0-3  
Vilmar Frey Sævarsson, Þórður Halldórsson, Jóhann Traustason.

**ÍBV-VALUR** 0-1  
Hálfán Gíslason.

**HK-KA** 2-4  
Eyþór Guðnason, Gísli Frey Ólafsson - Jóhann Þórhallsson 3, Hreinn Hringsson.

## LÍFEYRISSJÓÐURINN FRAMSÝN

# Ársfundur 2005

Ársfundur Lífeyrissjóðsins Framsýnar verður haldinn að Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 27. apríl 2005 og hefst kl. 15.00.

### Dagskrá fundarins:

- Venjuleg ársfundarstörf.
- Samrunasamningur við Lífeyrissjóð sjómanna og tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins. Meginefni tillagnanna er að sjóðirnir sameinist frá og með 1. júní 2005 og taki frá sama tíma upp nýtt aldurstengt réttindakerfi. Kynningargögn er hægt að nálgast á heimasíðu sjóðsins, [www.framsyn.is](http://www.framsyn.is), þ.m.t. samrunasamning og tillögur að nýjum samþykktum.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á ársfundinum.

Að loknum ársfundinum verður haldinn stofnfundur nýja sjóðsins og hefst hann kl. 18.00 þennan sama dag, enda hafi ársfundir beggja sjóðanna samþykkt samrunasamninginn.

Reykjavík 15. apríl 2005  
Stjórn Lífeyrissjóðsins Framsýnar



*Það er komið grænt  
bjáninn þinn!*

**Ert þú góð fyrirmynd í umferðinni?**

  
UMFERÐARSTOFA



– besta sætið

# MAN. UTD. NEWCASTLE Í DAG KL. 12:45

UNDANÚRSLIT Í ENSKA BIKARNUM



GOTT FÓLK MCCANN

## Auðunn á spjöld sögunnar

Íslandsmótið í kraftlyftingum, sem háð var á Grand Hotel í gær, olli engum vonbrigðum og metin féllu í hrönnum eins og búist hafði verið við.

**KRAFTLYFTINGAR** Kópavogströllið Auðunn Jónsson náði sögulegum árangri á mótinu í gær, þegar hann varð fyrsti Íslendingurinn til að lyfta yfir 1.100 kílóum í samanlögðu og sigraði með glæsibrag, eftir sögulegt einvígi við hinn kornunga Benedikt Magnússon. Benedikt sagði fyrir mótið að Auðunn myndi þurfa á öllu sínu besta til að sigra og það kom á daginn, því Auðunn náði hámarksárangri í öllum greinum og setti glæsilegt Íslandsmet í einni rosalegustu keppni þessarar tegundar í manna minnum.

### Norðurlandamet hjá báðum

Auðunn setti tóninn á mótinu með því að slá eigið Íslandsmet í hnébeygju í fyrstu tilraun og með því var ljóst hvert stefndi. Hann hætti ekki fyrr en hann hafði bætt Norðurlandametið í greininni og lyfti best 432,5 kílógrömmum. Í bekkpressunni heppnaðist fyrsta lyftan hans ekki sem skyldi, en hann hristi af sér slenið og snarði upp 300 kílóum, fyrstur Íslendinga.

Benedikt var ekki langt undan í fyrstu greinunum og var að bæta sig vel. Þá var aðeins réttstöðulyftan eftir og þar vipaði Benedikt upp 410 kílóum í fyrstu lyftu sinni og bætti með því eigið Íslandsmet um 10 kíló. Þá voru næst á stöngina 425 kíló, sem hefðu tryggt honum heimsmetið í greininni, en upp vildi stöngin ekki að þessu sinni.

### Frábært mót

Það var því Auðunn Jónsson sem hafði sigur í þungavigtinni með því að lyfta 1.117,5 kílóum í samanlögðu. Benedikt hafnaði í öðru sæti og tók 1.090 kíló, sem er



**KÓPAVOGSTRÖLLIÐ TEKUR Á ÞVI** Auðunn Jónsson var maður dagsins á Íslandsmótinu í kraftlyftingum í gær. Hér sést hann tryggja sér sæti í sögubókunum sem eini Íslendingurinn sem hefur lyft yfir 1.100 í samanlögðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

mikil bæting hjá honum, og þriðji varð Kristinn Óskar Haraldsson með 960 kíló í samanlögðu. Þetta er besti árangur sem náðst hefur á Íslandsmóti frá upphafi og var það vel við hæfi á 20 ára afmæli Kraftlyftingasambandsins. Auðunn Jónsson var himinlifandi með árangurinn á mótinu.

„Það var allt að ganga upp hjá mér og ég kom sjálfum mér á óvart í hnébeygjunni. Það var líka gott að ná loksins í 300 kílóin í bekknum og þetta mót var bara frábært í alla staði. Það er gaman að hafa þessa góðu samkeppni,

troðfullt hús af fólki og frábæra stemmingu,“ sagði Auðunn, sem náði öðrum besta árangri allra tíma í samanlögðu á mótinu í gær. Benedikt Magnússon var dálítið súr að keppni lokinni í gær, eftir að heimsmetstílaun hans mistókst, en sagðist þó geta unað við árangurinn. „Ég hefði auðvitað viljað slá heimsmetið, því ég veit ég get það. Ég get aftur á móti ekki kvartað yfir því að setja Íslands- og Norðurlandamet og bæta mig um 90 kíló í samanlögðu,“ sagði hið unga heljarmenni. [baldur@frettabladid.is](mailto:baldur@frettabladid.is)



**REHAU**  
**KNOW**  
**HOW**  
Gebäudetechnik

FJÖLTÆKNI  
ehf

## Ágætu viðskiptavinir!

Fjöltækni ehf opnar á nýjum stað 18. apríl að Súðarvogi 14, gengið inn að vestanverðu.



Það er sama hvernig á málið er litið,

# Bylgjan er númer eitt enn og aftur.

12-80 ára allt landið, uppsafnað yfir vikuna.

**Bylgjan, 62%**

Rás 2, 59.8%

20-45 ára allt landið, uppsafnað yfir vikuna.

**Bylgjan, 70.6%**

Rás 2, 61.1%

18-49 ára allt landið, uppsafnað yfir vikuna.

**Bylgjan, 68.3%**

Rás 2, 63.1%

Samkvæmt dagbókarkönnun Gallup vikuna 9. - 15. mars 2005



## STUÐ MILLI STRÍÐA :: Instant-matur

KRISTJÁN HJÁLMARSSON VILL HALDA Í HEFDINA.

MYND: HELGI SIGURSSON



Á flestum heimilum er lítill tími aflögu til að sinna fjölskyldunni vegna vinnu, á hugamála eða heimilsv verka. Fyrir vikið reyna flestir að koma sér hjá því að eyða þessum litla aflögu-tíma í að elda mat. Í staðinn er keyptur tilbúinn, forsteiktur eða forsoðinn matur, eitthvað sem tekur aðeins örfáar mínútur að elda. Sjálfur er ég mjög hrifinn af ekta íslenskum heimilismat.

Kjöttbollur í brúnni eða með feiti, plokkfiskur, slátur, soðin ýsa með smjöri eða svið. Ég hef reynt af öllum mætti að halda í þessa gömlu hefð en eins og hjá öðrum hef ég ekki alltaf tíma eða þrek til að standa yfir eldavelinni. Þess í stað kaupi ég tilbúinn mat; pizzur, hamborgara, kjúkling, kíverskt, taflenskt og svo mætti lengi telja.

Slíkt sjoppufæði er ágætt að vissu leyti en þó ekki til lengdar. Ég reyni því að bæta það upp með ekta íslenskum heimilismat en þar sem ég hef ekki, sem fyrr segir, mikinn tíma aflögu reyni ég einnig að sleppa billega frá honum. Í stað þess að kaupa hrísgrjón eða kjötfars kaupi ég vell-

ing og kjöttbollur í boxi sem þurfa aðeins þrjár mínútur í örbylgju. Síðan er Oragrænabaundadósinn opnuð og tveggja rétta máltíð er tilbúin á met tíma.

Hættan sem fylgir því að kaupa svona instant mat er sú að arfleifðin við að búa til ekta íslenskan heimilismat gleymist. Þá er einnig hætt við því að það gleymist að kalla í mat á hefðbundinn hátt. „Gjörði þú svo vel, það er kominn matur! Kjöttbollur í brúnni!“ eða „Hunskist í sætin ykkar, plokki með þrumara!“. Þess í stað munu íslensk börn breytast í hunda Pavlovs, hlaupa inn í eldhús og byrja að slefa um leið og bjallan í örbylgjunni glymur. ■

## myndasögur


### ■ PONDUS

Eftir Frode Överli



### ■ PÚ OG PA

Eftir SÖB





# Barneignin olli minnisleysi

Óskarsverðlaunaleikkonan Gwyneth Paltrow viðurkenndi á dögunum að hún hefði misst minnið í kjölfar barneignarinnar. Hin 32 ára gamla leikkona segist ekki lengur muna setningarnar sínar síðan hún eignaðist Apple með eigmanni sínum Chris Martin, söngvara Coldplay. Leikkonan segir þetta valda sér ákveðnu hugarangri því hún hafi áður verið mjög góð í að muna línur, en nú muni hún varla hvaða dagur sé í dag.



**GWYNETH PALTROW MEÐ DÓTTURINA APPLE** Það er ekki tórn hamingja sem fylgir óléttunni því Paltrow segist hafa orðið minnislaus eftir barneignina.

Minnisleysið er þó ekki það eina sem plagar þessa leikkonu, sem sló í gegn í Shakespeare in Love og Emma. Hún segist enn fremur hafa einstakt lag á því að skynja líðan annarra.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL	
14	15
16	17
18	19
20	

**Sunnudagur**

### ■ ■ KVIKMYNDIR

15.00 Sovéska heimildarkvikmyndin **Zúkhov marskalkur** verður sýnd í bíósal MIR, Vatnsgátu 10.

### ■ ■ TÓNLEIKAR

16.00 **Sinfóníuhljómsveit Norðurlands** efnir til fjölskyldutónleika verða í Samkomuhúsinu á Akureyri í samvinnu við Leikfélag Akureyrar. Frumflutt verður nýtt tónverk eftir **Snorra Sigfús Birgisson** og einnig verða flutt nokkur lög úr söngleiknum **Óliver**. Stjórnandi er **Guðmundur Óli Gunnarsson**.

17.00 **Elísabet Waage** hörpuleikari og **Kolbeinn Bjarnason** flautuleikari halda tónleika í Hveragerðiskirkju. Tónlistin er að mestu samin austur í Asíu.

20.00 **Kvennakór Suðurnesja** verður með tónleika í listasafninu í Duushúsum í Reykjanesbæ. Stjórnandi er **Dagný Þórunn Jónsdóttir** og meðleikari á pianó er **Geirprúður Fanney Bogadóttir**.

20.00 Nemendur Nýja söngskólans "Hjartans mál" flytja gamanóperuna **Così fan tutte** eftir Mozart í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð. Stjórnandi er **Guðbjörn Guðbjörnsson** og pianóleikari **Raul Jiménez**.

20.30 Vortónleikar **Kvennakórs Suðurnesja** verða haldnir í Listasafni Reykjanesbæjar í Duushúsum. Söngleikjatonlist, dægurlög, þjóðlög og ítölsk óperutónlist.

### ■ ■ SKEMMTANIR

15.00 Harmonikufélag Reykjavíkur heldur **Dag harmonikunar** hátíðlegan í Ráðhúsi Reykjavíkur. Fimm hljómsveitir frá fjórum harmonikufélögum leika fjölbreytilega léttu tónlist úr ýmsum áttum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**Leikfélag Mosfellsveitar**

**Ævintýrabókin**  
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ  
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

6. sýning Sunnud. 17. apríl kl. 14:00  
7. sýning Laugard. 23. apríl kl. 14:00  
8. sýning Sunnud. 01. maí kl. 14:00  
9. sýning Sunnud. 08. maí kl. 14:00

*Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrim. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Óskubuska, Stígvélaði kötturinn og fl.*

Miðasala í síma 5 66 77 88  
Miðaverð kr. 1500,-

„Þegar ég geng inn í herbergi skynja ég það um leið hvort einhver sé í vondu skapi,“ segir leikkonan, sem segist þó hafa getað nýtt sér þennan hæfileika í vinnunni en þetta sé hálfgerður galli í einkalíf-inu.

FASTUR  
**birta**  
PUNKTUR

**Apótekarinn eftir Haydn**  
Óperustúdíó Listaháskóla Íslands og Íslensku óperunnar

29. apríl kl. 20 - **Frum-sýning**  
1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn  
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**

**Ath. Aðgangur ókeypis**

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN  
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

**Sýnt í Borgarleikhúsinu!**

Miðvikudagur 20. apríl Aðalæfing klukkan 18.00 - **uppsekt**  
Fimmtudagur 21. apríl FRUMSÝNING kl. 14.00 - **uppsekt**  
- Sumardagurinn fyrsti

Laugardagur	23. apríl	2. sýning	kl. 14.00	- örfá sæti
Sunnudagur	24. apríl	3. sýning	kl. 14.00	- örfá sæti
Sunnudagur	1. maí	4. sýning	kl. 17.00	
Sunnudagur	1. maí	5. sýning	kl. 14.00	
Fimmtudagur	5. maí	6. sýning	kl. 14.00	

- Uppstigningardagur

Laugardagur	8. maí	7. sýning	kl. 14.00	
Sunnudagur	9. maí	8. sýning	kl. 14.00	

**MÍÐASALAN ER HAFIN**  
á [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is) og í síma 568 8000

**Sveppi er KALLI**  
A ÞAKINU  
Eftir Astrid Lindgren

**Frönsku námskeið**  
hefst 2. maí

- námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- námskeið fyrir börn
- einkatímar / taltímar
- franska fyrir ferðamenn

Innritunn til 29. apríl í síma 552 3870.

dans í klink&bank

Danshöfundasmiðja Íslenska dansflokksins í samstarfi við Klink&Bank sýnir

**játningar minnisleysing jans**  
eftir Jóhann Frey Björgvinsson

Sunnudaginn 17. apríl klukkan 17.00 í Klink&Bank Miðaverð 500 kr. Greitt við inngang **Aðeins þessi sýning!**

Klink&Bank Landsbankinn

**KODDAMAÐURINN SALA HAFIN Á SÝNINGAR Í MAÍ!**

■ Stóra sviðið kl. 20.00  
**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - /Evinýraheimir H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.  
Í dag sun. 17/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus** og kl. 17:00 **örfá sæti laus**, sun. 24/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.

**EDITH PIAF** - Sigurður Pálsson  
Lau. 23/4 **uppsekt**, lau. 30/4 **uppsekt**, lau. 7/5 **örfá sæti laus**, fim. 12/5 **örfá sæti laus**, fös. 13/5 **örfá sæti laus**.

**MÝRARLJÓS** - Marina Carr  
Fim. 28/4 **nokkur sæti laus**, sun. 8/5 **nokkur sæti laus**.  
**Aðeins þessar tvær sýningar eftir!**

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00  
**GRJÓTHARÐIR** - Hávar Sigurjónsson  
Fim. 21/4 **nokkur sæti laus**, fim. 28/4, fös. 29/4 **nokkur sæti laus**.  
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ Lítila sviðið kl. 20.00  
**KODDAMAÐURINN** - Martin McDonagh  
Í kvöld sun. 17/4 **uppsekt**, fim. 21/4 **uppsekt**, fös. 22/4 **örfá sæti laus**, fös. 29/4 **uppsekt**, fim. 5/5 **örfá sæti laus**, fös. 6/5 **örfá sæti laus**, mið. 11/5 **örfá sæti laus**, lau. 28/5 **uppsekt**. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: [midasala@leikhusid.is](mailto:midasala@leikhusid.is) Vefvang: [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)  
Opnið kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.  
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

**Avaxtakarfan**  
Í AUSTURBÆ

**Birgitta**  
Gadda Gulrot

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lífið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

SPARISJÓÐURINN

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl. 14 til kl. 18 pantanir í síma 551 4700 [www.avaxtakarfan.is](http://www.avaxtakarfan.is)

Sunnudagur 17. Apríl kl: 13:30  
Sunnudagur 24. Apríl kl: 13:30  
Sunnudagur 1. Maí kl: 13:30  
[www.midi.is](http://www.midi.is)

**Koddamaðurinn**  
Hryllilegt og fyndið!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**BORGARLEIKHÚSIÐ**  
Leikfélag Reykjavíkur • Listabrot 3, 103 Reykjavík

**STÓRA SVIÐ**

**DRAUMLEIKUR**  
e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.  
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - **UPPSELT**,  
*Síðustu sýningar*

**HÍBÝLI VINDANNA**  
leikgerð Bjarna Jónssonar eftir  
Í kvöld kl 20, Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20,  
Lau 30/4 kl 20, Su 8/5 kl 20,  
Fö 13/5 kl 20  
- *Fáar sýningar eftir*

**HÉRI HÉRASON**  
e. Coline Serreau  
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20, Lau 7/5 kl 20

**KALLI Á ÞAKINU**  
e. Astrid Lindgren  
Í samstarfi við Á Þakinu  
Aðalæfing Mi 20/4 kl 18 - **UPPSELT**,  
Frum-sýning Fi 21/4 kl 14 - **UPPSELT**,  
Lau 23/4 kl 14, Su 24/4 kl 14, Su 1/5 kl 14  
Su 1/5 kl 17

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**  
- gildir ekki á barnasýningar

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRÍÐJA HÆÐIN**  
**TERRORISMI**  
e. Presnyakov bræður  
Mi 20/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20, Fi 5/5 kl 20

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**  
Miðasala á netinu [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)  
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:  
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga  
12-20 laugardaga og sunnudaga

**SEGÐU MÉR ALLT**  
e. Kristínu Ómarsdóttur  
Í kvöld kl. 20, Fö 22/4  
*Síðustu sýningar*

**AUSA eftir Lee Hall**  
Í samstarfi við LA.  
Fi 21/4 kl 20 - *Síðasta sýning*  
- *Ath: Miðaverð kr. 1.500*

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**  
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.  
Í kvöld kl 20 - **UPPS.**, Mi 20/4 kl. 20 - **UPPS.**,  
Fi 21/4 kl 20 - **UPPS.**, Fö 22/4 kl 20 - **UPPS.**,  
Lau 23/4 kl 20 - **UPPS.**, Su 24/4 kl 20 - **UPPS.**,  
Lau 29/4 kl 20 - **UPPS.**, Lau 30/4 kl 20 - **UPPS.**,  
Su 1/5 kl 20 - **UPPS.**, Fi 5/5 kl 20

**SVIK**  
eftir Harold Pinter  
Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA  
Su 24/4 kl 20, Fi 28/4 kl 20 - *Aukasýningar*

**RÍÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**  
e. Önnu Reynolds.  
Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.  
Fö 22/4 kl 20, Lau 23/4 kl 20

**AUGNABLIKIÐ FANGAÐ**  
**DANSLEIKHÚSIÐ**  
fjögur tímabundin dansverk  
Fi 21/4 kl 19:09 **Frum-sýning**  
Su 24/4 kl 19:09, Su 1/5 kl 19:09  
*Aðeins þessar 3 sýningar*

**SMÁRA BÍÓ**  
HUGSADU STÓRT

FRÁ SÖMU OG FÆRÐU OKKUR  
SCREAM MYNDIRNAR!  
**CURSED**  
FM 957  
Hún fær þig til að óskra! Magnaður hrollvekjutryllir frá Wes Craven!  
Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 16 ára  
Sýnd í lúxus kl. 5.45, 8 og 10.15

